



BÓNDAVARÐAN

19. OKTÓBER 2020. 19. ÁRGANGUR

MÚLAPING



Mynd: Jónína Óskarsdóttir

ÁVARP FYRRUM SVEITARSTJÓRA



Miklar breytingar hafa átt sér stað frá því síðasta Bóndavarða kom út. Í stað Borgarfjarðar eystri, Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar er nú orðið til Múlaþing, í kjölfar sameiningar áður nefndra sveitarfélaga. Íbúar í nýju sveitarfélagi, sem er stærsta sveitarfélag landsins að flatarmáli, eru u.þ.b. fimm þúsund. Á Austurlandi hefur sameiningin það í för með sér að sveitarfélögum fækkar, eru nú orðin fjögur. Tvö stærst, Múlaþing og Fjarðabyggð, auk Vopnafjarðar og Fljótsdalshrepps. Ný sveitarstjórn tók formlega til starfa 5. október og starf í ráðum og nefndum hins nýja sveitarfélags er óðum að færast í eðlilegt form.

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps fundaði í síðasta sinn fimmtudaginn 1. október 2020. Þar var bókað eftirfarandi: „Sveitarstjórn Djúpavogshrepps sem kjörin var 2018 þakkar íbúum og samstarfsaðilum fyrir ánægjuleg samskipti á þeim tveimur árum rúmlega sem hún hefur starfað. Sveitarstjórn óskar nýrri sveitarstjórn sameinaðs sveitarfélags sömuleiðis allra heilla og farsældar í störfum sínum. Jafnframt hvetur fráfarandi sveitarstjórn íbúa hreppsins til að standa, hér eftir sem hingað til, vörð um

hagsmuni og sérstöðu svæðisins með því að vera virkir þátttakendur í nýju sveitarfélagi og stuðla með því að viðhaldi þess öfluga og frjóa mannlífs sem einkennt hefur Djúpavogshrepp til þessa.“

Full ástæða er til að taka undir þessa bókun sveitarstjórnar hér og hvetja íbúa til að láta ekki sitt eftir liggja til að áfram verði öflugt og fjölbreytt mannlíf á svæðinu.

Undirritaður starfaði sem sveitarstjóri í Djúpavogshreppi í rúm tíu ár. Starf sveitarstjóra er fjölbreytt, verkefni af ýmsum toga og þessi ár voru lærdómsrík. Þegar litið er til baka er mér efst í huga þakklæti til íbúa fyrir samstarfið þessi ár. Djúpavogshreppur hinn forni liggur vel við fiskimiðum, býður upp á kjöraðstæður fyrir fiskeldi, hefur alla burði til að vera öflugt landbúnaðarhérað og liggur vel við ferðaþjónustu. Mestu verðmætin liggja þó í mannauðnum sem hefur gert það að verkum að á undanförunum árum höfum við vaxið og dafnað þrátt fyrir mótlæti af ýmsum toga. Fyrir það getum við þakkað okkur sjálfum. Í aðdraganda sameiningarinnar heyrðust raddir sem vörðu við mögulegum áhrifum hennar á „jaðarbyggðirnar“ og þóttust geta nefnt dæmi því til sönnunar.

Í ljósi reynslunnar tel ég að við höfum engu að kvíða og að fólk í gamla Djúpavogshreppi muni hér eftir sem hingað til leggja sitt af mörkum til að viðhalda öflugu mannlífi á svæðinu og verða virkir þátttakendur í nýju Múlaþingi.

Gauti Jóhannesson

Hryllilega smár smáréttaseðill

Sætkartöflu & graskerssúpa með brauði & pestó kr. 1.780.-
Sweetpotato & pumpkinsoup with bread and pesto

Linsubaunasúpa krydduð og næs kr.1.350.-
Lentil vegan soup spice & nice

TAMALES svína eða kjúklinga A la Honduras
Pork or chicken, encurtido, fetchees & nachos A la Honduras

Kjúklinga nachos kr. 2.250.-
Chicken nachos
Grænmetis nachos kr. 2.250.-
Vegetable nachos

Panko rækjur með súrsætrisösu eða chilimæjö kr. 1.250.-
Panko shrimp with sweet & sour sauce eða chilimayo

Kjúklingavængur heitur & sýgur kr. 1.650.-
Chickenwings hot & spice

Falafel með salati & jógurtsösu kr. 2.300.-
Falafel with salat & jogurtsauce

Sorbet
Dásamlegt sorbet mango eða hindberja

12" Pízza

með hráskinku, spínat & parmesan osti kr. 2.200.-
með pepperoni, rjómaosti, döðlum & svörtumpípar kr. 2.250.-
með spínat, rauðlauk, rjómaosti & döðlum kr. 2.150.-
með pepperoni, banönum & fersku chillí kr. 2.150.-
með humar, rjómaosti & klettasalati kr. 3.150.-

Dagar Myrkurs 28.Okt-31.Okt

Hótel Framtíð
Sími 478-8887

Hlökkum hryllilega til

LITABÓK MINJASTOFNUNAR AUSTURLANDS

Í sumar réði Minjastofnun Íslands til starfa nema í sumarvinnuátaki Vinnumálastofnunar fyrir námsmenn. Tveir namar úr Listaháskólanum fengu það verkefni að búa til kynningarefni fyrir stofnunina og var afrakstur þeirra vinnu kynntur á Menning-
arminjadögum Evrópu núna í ágúst. Ein afurð þessa skemmtilega verkefnis var litabókin Litað í kringum landið sem unnin var af Örnunngu Arnórsdóttur og Minjastofnun hefur nú gefið út.

Tvær myndir í bókinni eru úr Djúpvogshreppi og langar okkur að birta hér eina fyrir áhugasama, unga sem aldna, til skemmtunar og fræðslu.


Það væri gaman að fá myndir af áhugasömum að lita. Hægt er að merkja myndirnar með #menningarminjar á samfélagsmiðlum. Einnig er hægt að nálgast litabókina í heild á heimasíðu Minjastofnunar www.minjastofnun.is.

Góðar stundir frá Minjastofnun Íslands



Langabúð

Langabúð er elsta húsið á Djúpvogi. Núverandi mynd hússins er frá því um 1850, en það er eldra í grunninn. Í Löngubúð er í dag safn Ríkardó Jónssonar, myndhöggvara og myndskera. Einnig er þar minningarstofa um Eysteinn Jónsson, stjórnálamann frá Djúpvogi, og konu hans Sólveigu Eyjólfsdóttur. Á lofti hússins er minjasafn. Í suðurluta hússins er kaffihús. Húsið var friðlýst árið 1979 og stendur innan verndarsvæðis í byggð.



FRÁ UNGLINGAÐEILD DJÚPVOGSSKÓLA

Kæri lesandi. Við erum hér til þess eins að láta heyrast í okkar röddum. Við viljum segja ykkur aðeins frá því hvernig það er að vera unglingur í Djúpvogshreppi/Múlapingi. Komdu þér vel fyrir. Gríptu popp og kók, kannski teppi og einn kotta og njóttu lestursins.

Að vera unglingur á Djúpvogi hefur sína kosti og galla. Kostir eru að stutt er á milli staða, frítt í íþróttamiðstöð, lítil umferð á götum Djúpvogs og allir þekkja alla. Ókostir eru hvað það er lítið í boði fyrir okkar aldurshóp. Fyrir utan félagsmiðstöðina og íþróttirnar er eiginlega ekkert fyrir okkur að gera.

Nú er búið að sameina fullt af bæjum á Austurlandi í Múlaping. Með því myndum við unglingar vilja sjá meiri tengsl við unglina í öðrum bæjum sveitarfélagsins. Gaman væri að fá rútu sem gengur reglulega á milli bæja svo við getum hitt vini okkar í öðrum bæjum oftar. Svo væri líka gaman að halda fleiri böll saman!

Að lokum viljum við þakka ykkur fyrir að hafa lesið þennan pistil frá okkur. Vonandi nutuð þið poppsins.

Kær kveðja,
Unglingadeild Djúpvogs.

„EKKERT ER ÓYFIRSTÍGANLEGT, ÞAÐ ER ALLT HÆGT EN ÞAÐ ÞARF VISSULEGA AÐ HAFA FYRIR ÞVÍ“

Nýverið opnaði Djúpavogsmærin Guðmunda Bára Emilsdóttir sína aðra verslun. Fyrir rekur hún, ásamt systur og móður sinni, Bakkabúð hérna á Djúpavogi en nú hefur hún opnað Bæjarbúð í Hafnarfirði ásamt eiginmanni sínum Svavari Þrastarsyni. Bóndavarðan hittir upptekna, glaðlynda og afkastamikla búðareigandann á dögnum og forvitnaðist um öll verkefni og afrekin.

„Í rauninni stóð aldrei til að opna búð. Þetta gerðist frekar skjótt eins og flest annað í mínu lífi“ segir Guðmunda Bára létt í lund. Einn morguninn skoðaði hún fasteignamarkaðinn á mbl.is, líkt og hún gerir flesta daga og sá þar eign á draumastaðnum til sölu. Þá lá það ekki fyrir hvort plássíð yrði fyrir búð eða skrifstofu þeirra Svavars. 2 vikum seinna voru þau búin að kaupa eignina. Þau fengu afhent í maí og opnuðu svo loks núna í september. Þau hjónin virðast ekki tvínóna við hlutina.

„Bæjarbúð er verslun með hönnun og handverk. Ég vil helst bjóða upp á verk eftir hönnuði sem eru á uppleið og ekki endilega mjög þekktir. Fólk á að uppgvöta eitthvað nýtt þegar það skoðar sig um í búðinni“ segir Guðmunda Bára en búðin er einnig nýtt sem sýningarsalur (showroom) fyrir eigin heildverslun. Því fá vörur sem þau flytja sjálf inn mikið pláss og rými. Markmiðið er að heimsókn í Bæjarbúð verði frekar upplifun heldur en hefðbundin verslunarferð.



Nafnið Bæjarbúð tengir fólk sjálfkrafa við Bakkabúð en það var viljandi gert. Guðmunda vildi finna nafn sem gæfi búðunum augljósa tengingu. Helst byrja á B og enda á búð. Bæjarbúð kom í hugann eitt kvöldið og þurfti ekkert að venjast því segir hún. Ekki skemmdi fyrir að það passar vel við Hafnarfjörð þar sem fyrir er Bæjarbíó, Bæjarbakarí og áður fyrr Bæjarútgerðin. Og nú Bæjarbúð.

Þar sem verslanirnar tvær eru með afar ólíka markhópa verður vöruúrvalið aðeins frábrugðnara Bakkabúð þar sem í venjulegu árferði eru 95% af viðskiptum frá erlendum ferðamönnum meðan í Bæjarbúð má búast við að 80 - 90% verði frá Íslendingum. Vöruúrvalið byggir samt á sama grunni, Roka-bakpokarnir, fuglar, keramik og svo framvegis.

Guðmunda segir að það væri gaman að halda „pop up“ á Djúpavogi þegar Covid ástandið leyfir og sýna þær vörur sem eru í boði í Bæjarbúð og þannig kynna Djúpavogsbúa fyrir vörunum. Aðspurð hvort hún hefði séð fyrir sér sem ung stúlka á Djúpavogi að hún myndi eiga og taka virkan þátt í 4 mismunandi fyrirtækjum fyrir þritugt svarar Guðmunda því að hún hafi alltaf haft háleit markmið. „Oft á tíðum kannski aðeins of há. Ég hef aldrei litið of langt fram á veginn. Svokallað fiðrildi og það hefur reynst mér vel. Til að fara ekki framúr mér þá safna ég fólk í kring um mig sem heldur mér á jörðinni þegar þess þarf, og þess þarf“ segir hún hlæjandi.

Guðmunda segist hafa verið alin upp við þau gildi að ekkert sé óyfirstíganlegt og allt sé hægt en það þarf vissulega að hafa fyrir því. „Það ráð sem ég myndi vilja gefa öllum, ungum sem öldnum er að velta sér ekki of mikið upp úr því sem aðrir gera. Eina sem skiptir máli er að bæta sjálfan sig og gera sitt besta. Endalaus samanburður við aðra kemur manni ekki áleiðis. Það er nauðsynlegt að fagna sigrum, stórum sem litlum. Þegar maður er ánægður með það sem maður gerir þá gengur allt betur“. Það verður vissulega gaman að fylgjast með þessari hugmyndaríku ungu konu sem lætur hlutina gerast og draumana rætast!

EGGIN LITLU



Lengi hefur verið til umræðu hvort þanta eigi fleiri minjagripir af Eggjunum í Gleðivík eins og gert var árið 2011. Þá voru pöntuð 480 egg í fjórum gerðum, egg lómsins, straumandar, fálkans og lundans. Egg þessi voru til sölu meðal annars í Bakkabúð, Hótel Framtíð, hjá Djúpavogshreppi og í Húsi Handanna á Egilsstöðum. Örfá egg sem eftir voru á lager fóru í sölu í sumar í Bakkabúð og Löngubúð og hreinlega fuðruðu upp á mettíma og fengu færri en vildu.

Fráfarandi atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps tók ákvörðun um að fara í framleiðslu á fleiri eggjum en ákvað að í þetta sinn yrðu ný fjögur egg búið til. Fyrir vikið verða minjagripirnir, sem unnir eru samráði við Sigurð Guðmundsson listamann eggjanna í Gleðivík, einskona safngripir þar sem hvert egg er aðeins framleitt einu sinni í takmörkuðu upplagi. Egg lómsins, straumandarinnar, fálkans og lundans verða því aldrei framleidd aftur. En nú eru á leið til landsins egg jaðrakans, hrafnins, skógarprastarins og rjúpunnar. Aðeins 120 stykki verða til af hverju eggjum og munu þau verða merkt sérstaklega í röð eintaka af Sigurði Guðmundssyni sjálfum. Eggin koma til með að vera í sölu á viðeigandi stöðum í þorpinu og stefnt er á að sala þeirra hefjist með vorinu.


Atvinnu- og menningarmálanefnd Djúpavogshrepps 2018-2020



Þú getur keypt
næstum hvað
sem er fyrir
Aukakrónur



Viðskiptavinir Landsbankans safna Aukakrónum þegar þeir versla hjá meira en 250 samstarfsaðilum um allt land og geta notað þær til að kaupa næstum hvað sem er.



KLUKKURNAR Í BERUNESKIRKJU

Í tilefni Daga myrkurs birtum við þjóðsögur. Sumar hverjar dimmar, drauga- og drungalegar. Komdu þér fyrir við kertaljós og heitan kaffibolla í myrkrinu og njóttu!Passaðu samt að kveikja ekki í blessaðri Bóndavörðunni!

Saga þessi er fengin að láni úr ritinu *Síðsumardagar í Berufirði*. Efni frá Þjóðsagnahelgi 2011. (frásögn Rósu Gísladóttur frá Krossgerði)

Kirkjustaðurinn Berunes stendur við austanverðan Berufjörð í Djúpavogshreppi. Prestsetur var á bænum Berufirði innst í firðinum þegar þessi saga gerðist og var Beruneskirkju þjónað þaðan.

Svo bar við eitt sinn að sjómenn voru að veiðum á firðinum. Ekki fylgir sögunni hvaðan skip þeirra var eða hversu margir voru um borð en skipverjar voru lítt kunnugir staðhátum og þar sem myrkur var skollíð á gerðu þeir sér ekki grein fyrir hvar helst væri að leita sér að lendingu. Versnaði nú veðrið jafnt og þétt og voru skipverjar orðnir uggandi um hvort þeir næðu landi slysaust. Vissu þeir samt um kirkjustaðinn Berunes og hétu þeir nú á kirkjuna þar að gefa henni klukku ef þeim auðnaðist að ná landi slysaust.

Varla höfðu þeir sleppt þessum orðum er dró úr veðri og birti til svo að þeir sáu vænlegan lendingarstað og björguðust þeir síðan farsælega úr þessum háska. Klukkuna útveguðu þeir síðan og gáfu kirkjunni á Berunesi.

Víkur nú sögunni til sóknarprestsins í Berufirði. Honum þótti hart til þess að vita að ný og vegleg klukka væri komin á „annexíuna“ en svo voru aukakirkjur kallaðar áður fyrr.

Ákveður hann nú að nýja klukkan skyldi færð inn í Berufjörð og sett þar upp.

Þegar hringja skyldi klukkunni þar í fyrsta sinn við messu bar svo við að ekkert heyrðist í henni. Var allt reynt sem hægt var, barið í hana með þungum járnstykjum, en allt kom fyrir ekki. Klukkan steinþagði en hafði nú fengið í sig nokkur skörð eftir barsmíðarnar. Komu nú fram háværar raddir um að rangt hefði verið að flytja klukkuna frá Beruneskirkju því henni hefði klukkan verið ætluð. Á endanum var ákveðið að fara aftur þangað með klukkuna og koma henni fyrir í kirkjunni. Var það síðan gert og nú brá svo við að klukkan hringdi hátt og snjallt.

Enn þann dag er klukkan í kirkjunni á Berunesi og eru í henni nokkur greinileg skörð.

CITTASLOW Í BÚÐINNI

Stórt skref var stigið í sumar á Djúpavogi þegar Kjörbúðin hóf að bjóða sérmerktar framleiðsluvörur af svæðinu. Þetta samstarf sveitarfélagsins við framleiðendur og Samkaup er í anda Cittaslow sem m.a. leggur áherslu á mikilvægi þess að auka framboð staðbundinnar framleiðslu í aðildarsveitarfélögunum. Það er von allra sem að verkefninu standa að þetta sé aðeins byrjunin og að framboð staðbundinnar framleiðslu aukist í framtíðinni. Með því móti verða tengsl framleiðenda og neytenda meiri, virðing fyrir mat og raunvirði hans eykst og uppruni matvælnanna verður öllum ljós. Um leið og við þökkum öllum sem taka þátt í þessum fyrsta áfanga með okkur, hvetjum við nýja framleiðendur og neytendur til að taka þátt í að hefja staðbundna framleiðslu til vegs og virðingar. Saman getum við haft áhrif.

Cittaslow miðstöð Íslands á Djúpavogi




FRÁ TEIGARHORNI

Obsidian

Í dag verður ekki komist hjá því sem foreldri að þekkja leikinn Minecraft. Þetta er leikur þar sem hægt er að byggja sér allskyns heima, líkt og mín kynslóð gerði með Lego og kynslóðin þar á undan gerði ef til vill með legg og skel. Hér á steinasafni Teigarhorns vekur það oft athygli barna að í gluggum safnsins er að finna steindir sem þau kannast við úr tölvuleiknum Minecraft. Ein þessara steinda er hrafntinna sem þau þekkja betur sem obsidian. Í tölvuleik þessum finnst hrafntinna líkt og í raunheimum nálægt stöðum þar sem bráðið hraunið kemst í snertingu við vatn. Í þessum heimi ævintýra má byggja dyr inn í neðri heima úr hrafntinnu auk húsa sem eru öðrum sterkari.



Obsidian cube



Hrafntinna



Hrafntinna

Í raunheimum er hrafntinnan ekkert síður spennandi þar sem hún kemur fyrir á fleiri stöðum en flesta grunar. Frá tímum steinaldar hafa menn notast við hrafntinnu í ýmsum tilgangi eins og spjót, skurðarverkfæri, spegla og skartgrip. Hrafntinna verður til þegar þegar kísilrík kvika með lágt gas innihald storknar hratt. Þegar þetta gerist nær kvikan ekki að mynda kristalla og er hrafntinna áþekkt gleri. Hrafntinnan getur myndast í öllum regnbogans litum og getur eitt innihaldið alla litina.

Enn þann dag í dag eru til greinar innan læknisfræðinnar þar sem skurðlæknar notast frekar við skurðarblöð úr hrafntinnu en bestu stálhnífa sem völ er á. Þetta gera skurðlæknar því enn hefur ekki tekist að búa til skurðaregg sem keppir við þá sem hægt er að ná með hrafntinnu. Þessi einstaka steind klotnar á þann veg að egginn er fær um að skera sundur frumur á meðan bestu manngerðu stálblöðin ná því ekki og skilja eftir sig far eins og keðjusög í samburði við hrafntinnuna. Gallinn við hrafntinnuna er þó sá að hún getur auðveldlega brotnað og erfitt getur verið að finna brotið þar sem það er svo fingert. Árið 1954 voru gerðar tilraunir til að finna nægilega stór og hrein eintök af hrafntinnu til nota í stjörnufræðisvísunum. Theodore Hunham jr. stóð fyrir rannsókninni og var Hrafntinnusker hvað mest skoðað í þessu ljósi. Á Íslandi hefur hrafntinnan verið notuð til steiningar utan á steinsteypuhús og eru þekktust þeirra Þjóðleikhúsið í Reykjavík og Akureyrarkirkja.

Á steinöld þegar maðurinn notaðist við örvaodda úr hrafntinnu færðum við börnum okkar vísu og fróðleik með spennandi sagnaheim sem gekk manna á milli. Með tilkomu þessa leikjaheims hefur opnast gluggi óendanlegra möguleika til að auka á þekkingu barna okkar um leið og þau njóta þess að búa til og leika í þessum nýaldar tölvusagnaheim.

Hvort það er tilviljun eða ásetningur að ímyndaður leikjaheimur endurspegli töfra og tilgang hrafntinnu í tilveru okkar er erfitt að seigja en þetta er þó tækifæri sem nýta mætti betur.

Rúnar Matthíasson
Landvörður Teigarhorni

28. okt. – 1. nóv.

KBF

Á þessu ári eru 100 ár síðan Kaupfélag Berufjarðar var stofnað. Félagið hafði gífurleg áhrif á þróun atvinnulífs, samfélag og búsetu á félagssvæðinu sem spannaði svæðið frá Lónsheiði að Streitishvarfi sem runnu saman í Djúpavogshrepp eftir fall félagsins. Í tilefni af þessum tímamótum er við hæfi að stikla á stóru í sögu félagsins og velta fyrir sér atburðum sem tengjast starfseminni.

Það er áhugavert að velta fyrir sér hvaða áhrif Kaupfélagið hefur haft á starfssvæðið í gegnum tíðina og hver og einn getur velt fyrir sér spurningunni „gætir áhrifa Kaupfélagsins enn hér um slóðir?“

Fyrir stofnun Kaupfélagsins voru á Djúpavogi danskir kaupmenn sem ráku verslunina Örum & Wulff og höfðu takmarkaðan áhuga á frekari uppbyggingu eða að koma til móts við þarfir íbúa svæðisins. Þetta var á þeim árum, sem mönnum var að lærast hvers virði samtök og samvinna voru fámennri þjóð sem byggði harðbýlt og hrjóstugt land og menn höfðu fengið sig fullsadda af viðskiptum við hið danska kaupmanna Vald. Annars staðar á landinu höfðu sprottið upp Kaupfélög hér og þar og tilgangur félaganna var í fyrstu sá að reka verslun með innlendar og erlendar vörur og auðvelda þannig fólki á félagssvæðinu að afla sér nauðsynja og koma framleiðsluvörum sínum á markað.

Fréttir bárust af þessu til Austurlands og þann 25. janúar 1920 var boðaður fundur að Hofi í Álftafirði til að ræða stofnun kaupfélags og var fundarboðið undirritað af Guðmundi Eiríkssyni á Geithellum. Nokkrum dögum síðar, eða 14. febrúar var kosin þriggja manna undirbúningsnefnd en hana skipuðu, þeir Georg Jónsson (bróðir listamannanna Ríkarðs og Finns) frá Strýtu og Jón Stefánsson (faðir Stefáns rithöfundar og afi Kára í Íslenskri erfðagreiningu) skólastjóri á Djúpavogi og Stefán Stefánsson á Hamri. Þeir riðu um héraðið og ræddu við bændur og aðra um stofnun félagsins. Þann 30. mars 1920 var svo Kaupfélag Berufjarðar stofnað formlega og fyrsta stjórn félagsins kosin. Fyrstu stjórnina skipuðu: Jón Stefánsson kennari Hálsi formaður, Georg Jónsson bóndi Strýtu, Helgi Einarsson bóndi Melrakknesi, Sveinn Sveinsson bóndi Hofi og Jón Eiríksson bóndi Krossi.

Félagið keypti eignir verslunar Örum & Wulff en það voru húseignirnar Langabúð, Faktorshús og Síbería ásamt því sem í þeim var. Verslunarstjóri Örum & Wulff var Þórhallur Sigtryggsson, 35 ára Húsvíkingur. Menn voru ánægðir með störf hans þar og þótti mönnum enginn betur fallinn til þess að veita forstöðu hinni nýstofnuðu verslun. Stýrði hann Kaupfélagi Berufjarðar af mikilli atorku og framsýni og þótti hann ráðhollur einstaklingur um almenn mál í héraðinu.

KBF gekk í Samband íslenskra samvinnufélaga árið 1821 og árið 1926 lét Kaupfélagið byggja sláturhús.

Árið 1933 var Kaupfélag Breiðdælinga komið í töluverð fjárhagsvandræði og var þá Þórhallur kaupfélagsstjóri á Djúpavogi fenginn til að stjórna Kaupfélagi Breiðdælinga jafnhliða störfum sínum sem kaupfélagsstjóri á Djúpavogi. Var Kaupfélagi Breiðdæla inn á við stjórnað líkt og það væri útibúi frá Kaupfélagi Berufjarðar. Þórhalli tókst að stöðva skuldasoöfnun og lækka rekstrarkostnað, svo að umsetningin gat borið hann. Í lok árs 1935 óskuðu ýmsir Breiðdælinga eftir því, að stofnuð yrði deild úr Kaupfélagi Berufjarðar í Breiðdal með útibúi á Breiðdalsvík og að þeir fengju þannig að njóta áfram hinna ágætu starfskrafta Þórhalls Sigtryggssonar. Kaupfélag Berufjarðar vildi líka stofna deild í Breiðdal, en setti það að skilyrði, að þátttakan yrði almennari en var í kaupfélagi Breiðdælinga. Ekkert varð úr þessum áformum þar sem ekki tókst að fullnægja þessu skilyrði.

Þórhallur Sigtryggsson lét af störfum árið 1936 þegar honum bauðst að taka við einu stærsta og virtasta Kaupfélagi landsins, Kaupfélagi Þingeyinga á Húsavík. Það var freistandi fyrir hann að grípa þetta tækifæri og flytjast aftur heim á æskustöðvarnar. Við framkvæmdastjórn Kaupfélags Berufjarðar tók Jón Sigurðsson, sem hafði verið aðalaðstoðarmaður Þórhalls frá stofnun Kaupfélagsins.

Á þessu tímabili sem oft er kallað kreppeárin hafði verið almenn fátækt og atvinnuástand bágborið. Þá skall á heimsstyrjöld og ekki batnaði ástandið.

Í stjórn kaupfélagsins árið 1942 voru þessir: Ingólfur Gíslason héraðslæknir á Djúpavogi formaður, Helgi Einarsson bóndi á Melrakknesi varaformaður, Guðmundur Eiríksson bóndi í Berufirði, Hjálmar Guðmundsson bóndi í Fagrahvammi og Karl Jónsson bóndi í Múla. Þetta ár réðst Kaupfélag Berufjarðar í að stofna tvö dótturfélög, Búlandstind og Arnarey, annað til bátakaupa og hitt einnig til bátakaupa en að auki til starfrækslu á frystihúsi.



Þórhallur Sigtryggsson, fyrsti kaupfélagsstjóri KBF

Frystihúsið var mjög nauðsynlegt vegna kjötframleiðslunnar. Hins vegar hefði orðið erfitt að láta frystihúsið bera sig ef einungis hefði verið um kjötframleiðslu að ræða. En með tilkomu bátanna kom líka frysting fisks, sem létti undir við reksturinn. Þannig studdi sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn hvað annað. Stofnun þessara fyrirtækja átti heldur betur eftir að setja mark sitt á Djúpavog næstu áratugina og í kjölfarið fylgdi betra atvinnuástand, meiri tekjur og fjölsfjölgun. Starfsemi þessara dótturfélaga var alla tíð samofin starfsemi Kaupfélagsins og lengst af var einn framkvæmdastjóri fyrir öll fyrirtækin.

Í stjórn kaupfélagsins árið 1942 voru þessir: Ingólfur Gíslason héraðslæknir á Djúpavogi formaður, Helgi Einarsson bóndi á Melrakkanesi varaformaður, Guðmundur Eiríksson bóndi í Berufirði, Hjálmar Guðmundsson bóndi í Fagrahvammi og Karl Jónsson bóndi í Múla. Þetta ár réðst Kaupfélag Berufjarðar í að stofna tvö dótturfélög, Búlandstind og Arnarey, annað til bátakaupa og hitt einnig til bátakaupa en að auki til starfrækslu á frystihúsi. Frystihúsið var mjög nauðsynlegt vegna kjötframleiðslunnar. Hins vegar hefði orðið erfitt að láta frystihúsið bera sig ef einungis hefði verið um kjötframleiðslu að ræða. En með tilkomu bátanna kom líka frysting fisks, sem létti undir við reksturinn. Þannig studdi sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn hvað annað. Stofnun þessara fyrirtækja átti heldur betur eftir að setja mark sitt á Djúpavog næstu áratugina og í kjölfarið fylgdi betra atvinnuástand, meiri tekjur og fjölsfjölgun. Starfsemi þessara dótturfélaga var alla tíð samofin starfsemi Kaupfélagsins og lengst af var einn framkvæmdastjóri fyrir öll fyrirtækin.



Lifrabræðslan var nokkuð sérstök í útliti eins og sjá má

Á aðalfundi félagsins þetta ár var ákveðið að láta reisa vindrafstöð til lýsingar á öllum húsum félagsins og einnig á bryggjunni. Steyptur var þríhyrndur pallur (sem stendur enn) á Mylluklettinum ofan við Löngubúðina og á hann var sett fimmtán metra hátt grindarmastur með vindrafstöð sem framleiddi nægilegt rafmagn fyrir Kaupfélagið.

Árið 1944 ákvað Jón Sigurðsson kaupfélagsstjóri að láta af störfum og í stað hans var ráðinn Jón Gunnarsson. Hafist var handa við byggingu frystihúss sem var tekið í notkun árið 1947 og í kjölfarið var farið í bryggjusmiði til þess að skapa aðstöðu fyrir báta sem lögðu upp hjá Búlandstindi.

Árið 1946 var Gunnar Sveinsson, 23 ára Ísfirðingur, ráðinn kaupfélagsstjóri Kaupfélags Berufjarðar á Djúpavogi í stað Jóns Gunnarssonar og gegndi hann starfinu til 1949 þegar hann var ráðinn kaupfélagsstjóri hjá Kaupfélagi Suðurnesja. Sá sem tók við starfinu af Gunnari var bróðir hans, Þorsteinn Sveinsson.

Vorið 1949 hóf Kaupfélagið byggingu sláturhúss, sem tekið var til afnota sama haust en gamla sláturhúsið sem fyrir var uppfyllti ekki lengur kröfur tímans. Sama ár var

einnig byggð lifrabræðsla sem var mjög nauðsynleg vegna útgerðarinnar. Bræðslan sú arna stóð út á Hjallstanganum og var hún gjarnan kölluð Ákabræðslan í daglegu tali þar sem Áki Kristjánsson var þar í aðalhlutverki.

Til þess að afla hráefnis fyrir fiskvinnsluna var árið 1953 ráðist í að kaupa bát og fyrir valinu varð Víðir, 100 tonna bátur frá Akranesi og var hann gerður út af dótturfélagi KBF, Arnarey. Með tilkomu bátsins varð atvinnuástand stöðugra en áður hafði verið.

Nú var starfsemi Kaupfélags Berufjarðar orðin nokkuð umfangsmikil og árið 1954 réðst dótturfélag Kaupfélagsins, Búlandstindur, í byggingu beinamjölverksmiðju til þess að nýta hráefni sem til féll við fiskvinnsluna og tók verksmiðjan til starfa árið 1955. Þegar hér var komið við sögu kom KBF að rekstri verslunar, sláturhúss, útgerðar, fiskverkunar, lifrabræðslu, hraðfrystihúss, beinamjölverksmiðju og skipaafgreiðslu og Þorsteinn Sveinsson stjórnaði allri starfseminni. Starfsemin veitti flestum þorpsbúum atvinnu og umfang inn og útlánastarfsemi hafði aukist samhliða auknum umsvifum félagsins.

Árið 1957 jukust umsvifin enn. Víðir var sendur í viðgerð sökum þurrafúa, sem fannst í honum og kom hann heim aftur sem nýtt og glæsilegt skip, með nýju nafni Mánatindur Su-95. Þá keypti Búlandstindur hf. 75 brúttólesta fiskiskip frá Vestur-Þýskalandi sem hlaut nafnið Sunnutindur SU-59. Hann kom til landsins þann 8. febrúar 1957 og fögnuðu Djúpavogsbúar honum vel. Skipstjóri á Mánatindi var Vestfirðingur, Jón Kristjánsson að nafni og skipstjóri á Sunnutindi var Garðar Eðvaldsson frá Seyðisfirði. Auk tindanna tveggja voru í plássinu 5 smærri dekkbátar, sem gerðir voru út á handfæri og var allur afli bátanna verkaður í hraðfrystihúsinu.

Sunnutindur var svo seldur árið 1960 og annar Sunnutindur, 130 tonna stálbátur keyptur í staðinn, sem seinna var lengdur þannig að hann mældist 180 tonn. Næsta stóra skref í starfsemi Kaupfélagsins var árið 1962 þegar félagið hóf rekstur mjólkurstöðvar í Síberíunni sem stóð austan við Löngubúð. Með starfsemi hennar urðu umskipti í mjólkurmálum þorpsins og bændur fengu nýjan tekjustofn. Nautgriparékt hafði verið fremur lítil en nú sköpuðust ný atvinnutækifæri í sveitum með tilkomu mjólkurstöðvarinnar. Einnig bötnuðu samgöngur samhliða þessu þar sem nú var hægt að stóla á tíðar ferðir milli dreifbýlis og þéttbýlis.



Sunnutindur SU-59



Mánatindur leggst að bryggju með fullfermi af síld

Kaupfélagið keypti Framtíðina í lok árs 1962 af Halldóri Jónssyni kaupmanni frá Seyðisfirði. Til að byrja með rak KBF þar bókabúð og aðra starfsemi en árið 1966 fór Kaupfélagið út í ferðabjónustu þegar farið var að bjóða upp á gistibjónustu í húsnæðinu. Fram að því voru það Sigfinnur og Olga í Sjölyst sem höfðu rekið gistibjónustu á Djúpavogi.

Kaupfélagið kom á laggirnar vélaverkstæði 1963 og sama ár hófst síldarsöltun á vegum Arnareyjar, dótturfélags Kaupfélagsins. Tveimur árum síðar hóf síldarbræðsla með rúmlega 200 tonna afkastagetu starfsemi í verksmiðjuhúsnæði sem reist var af vélsmiðjunni Héðni við Innri Gleðivík. Sama ár var Mánatindur sendur í slipp á Neskaupstað þar sem átti að fara fram á honum gagngerð viðgerð. Við rannsókn kom í ljós, að skipið var svo illa farið af þurrafúa að það var dæmt ónýtt og þar með var Mánatindur úr sögunni.

Annað áfall dundi yfir í nóvember 1966 þegar Síberían sem hýsti mjólkurstöðina brann til grunna. Þar töpuðust ekki aðeins mikil verðmæti Kaupfélags Berufjarðar heldur einnig ómetanleg menningarverðmæti en húsið var eldra en Langabúð, reist árið 1789.

Menn lögðu þó ekki árar í bát. Samið var við mjólkursamlagið á Höfn um mjólkurframleiðsluna á meðan ný mjólkurstöð var byggð en hún tók til starfa í ágústmánuði árið 1968 og var þá Stefán Arnórsson mjólkurbústjóri.

Þann 1. júní 1967 urðu kaupfélagsstjórnarskipti þegar Þorsteinn Sveinsson lét af störfum og Hjörtur Guðmundsson, ættaður frá Steinsstöðum á Djúpavogi, tók við störfum.

En fjárfestingar undanfarinna ára tóku sinn toll og ekki bætti úr skák að verð á mjöli og lýsi féll en stjórnendur Kaupfélagsins höfðu treyst á góðar tekjur þaðan. Í lok árs 1967 var svo komið að félagið var komið í vandræði með að greiða laun. Þá var gripið til þess ráðs að láta prenta sérstaka Kaupfélagspeninga sem að þeir sem áttu inni hjá félaginu gátu notað til þess að taka út vörur. Djúpavogspeningarnir, svokölluðu, voru teknir í notkun 1. janúar 1968 og voru í almennri notkun til 31. desember sama ár. Á þeim tíma náði Kaupfélagið að rétta úr kútnum fjárhagslega og því var ekki lengur þörf á þessu lokaða hagkerfi á Djúpavogi.

Upp úr 1970 hófst vinnsla á rækju úr Berufirði á vegum Kaupfélagsins og þegar dró úr síldveiðum leysti loðnan síldina af hólmi.

Þann 4. júlí 1970 var haldið upp á 50 ára afmæli KBF í barnaskólanum á Djúpavogi og hófust hátíðarhöldin með hátíðarmessu í Djúpavogskirkju, en síðan fóru hátíðarhöldin fram í barnaskólanum á Djúpavogi. Stjórnarformaður félagsins Elís Þórarinsson hreppstjóri setti hófið en síðan flutti Jón Sigurðsson skáld úr Rjóðri kvæði, er hann hafði samið í tilefni afmælisins, og nefndi „Kaupfélag Berufjarðar 50 ára“. Þá rakti Valgeir Vilhjálmsson kennari, verslunarsögu Berufjarðar. Eysteinn Jónsson alþingismaður tók því næst til máls og flutti kaupfélaginu heillaóskir frá SÍS.

Einnig tóku til máls tveir af fyrrverandi kaupfélagsstjórum KBF, bræðurnir Þorsteinn og Gunnar Sveinssynir, og einnig Sigurbjörg Lúðvíksdóttir ekkja Jóns Sigurðssonar fyrrverandi kaupfélagsstjóra. Að því loknu færði Georg Jónsson frá Strýtu einn af stofnendum kaupfélagsins, kaupfélaginu veglegan blómavasa að gjöf til minningar um veru sína á Djúpavogi. Að lokum var svo stigin dans fram eftir nóttu í barnaskólahúsinu.



Auglýsing frá 1950

Byrjað var á byggingu á nýju frystihúsi árið 1972 samkvæmt frystihúsaáætlun sem ríkisstjórnin gerði 1971. Gamla frystihúsið var orðið allt of lítið til þess að hægt væri að vinna í því allan þann fisk sem að landi barst auk þess óhagræðis að alltaf þurfti að hætta fiskmóttöku í frystihúsinu á meðan sláturtíð stóð. Þá var ráðist í miklar endurbætur á hótelinu, hreinlætisaðstaða stórbætt, nýr veitingasalur tekinn í notkun, sem rúmaði um 40 manns í sæti og fjórum gistihbergjum bætt við en Djúpivogur var orðinn vaxandi ferðamannabær.

Þegar hér var komið við sögu rak félagið verslun með matvörudeild, vefnaðarvörudeild, búshalda-, járn- og fôðurvörudeild, byggingavörudeild og auk þess kvöld- og helgarsölu. Þá rak félagið hótél og mjólkurstöð, sláturhús og vélaverkstæði, var með skipaafgreiðslur og rak flutningabíla, sem m. a. sáu um mjólkurflutninga. Félagið var stærsti hluthafinn í Búlandstindi hf. og sá um rekstur þess. Umsvifin voru því mikil og allt atvinnulíf var háð starfsemi Kaupfélagsins.

Þann 29. nóvember 1980 var nýtt frystihúsi á Djúpavogi tekið formlega í notkun að viðstöddum fjölda gesta. Frystihúsið var búið fullkomnasta búnaði sem völ var á. Húsið hafði verið sjö ár í byggingu og hafði fjármögnun og fyrirgreiðsla gengið illa á miklum verðbólgu tímum. Hljóðaði fyrsta kostnaðaráætlunin upp á 65 milljónir króna en fullbúið kostaði húsið um 1100 milljónir króna. Tilkoma frystihússins markaði þáttaskil í fiskvinnslunni á Djúpavogi en engu að síður var mikil óvissa til staðar þar sem ekki var búið að tryggja nægilegt hráefni til vinnslunnar. Fór svo að rafmagn var aftengt af húsinu að undanskilinni frystigeymslu og vélasal. Vegna þessa ástands var mikið um atvinnuleysi á árunum 1980 og 1981 og þrátt fyrir að Kaupfélagið og Búlandstindur hefðu lagt mikið undir var útlitið dökkt. Unnið var að því með ráð og dáð að bæta úr ástandinu en lítið þokaðist. Það var svo þann 29. janúar 1982 að skuttogarinn Sunnutindur SU 59 kom til Djúpavogs og reyndist hann atvinnulífi á staðnum hin mesta lyftistöng. Skipstjóri á Sunnutindi var, til að byrja með, Ísleifur Gíslason. Þetta ár lét Hjörtur Guðmundsson af störfum eftir 15 ára starf og við tók Gunnlaugur Ingvarsson, 26 ára og var hann bæði kaupfélagsstjóri og framkvæmdastjóri Búlandstinds.

Í hönd fór uppgangstími í byggðarlaginu en á sama tíma fór róðurinn að þyngjast hjá Kaupfélaginu og Búlandstindi vegna fjármagnskostnaðar af hinum miklu fjárfestingum. KBF réðist í byggingu á nýju verslunarhúsnæði árið 1984 og var húsið vígt formlega þann 17. júní 1985, réttu ári eftir að fyrsta skóflustungan var tekin.

Nú fór að bera á greiðsluferfiðleikum og áttu félögin í basli með að standa í skilum. Gunnlaugur kaupfélagsstjóri sagði upp störfum og stjórnarformaðurinn, Óli Björgvinsson tók að sér að stýra félaginu í þeim störsjó skulda og greiðsluferfiðleika sem fyrirtækið átti í. Tölur úr rekstrinum fyrir árið 1986 gefa til kynna að félagið hafi verið sokkið í hlyldýpi sem það ætti ekki eftir að ná sér upp úr. Árið 1986 nam velta Kaupfélags Berufjarðar rétt rúmlega 21 milljón króna. Hallinn á rekstrinum varð tæplega helmingi meiri, eða tæplega 42 milljónir króna. Bókfært verð eigna félagsins var aðeins hærra en tapið, eða um 46 milljónir króna og skammtímaskuldir félagsins námu 80 milljónum króna í lok árs og heildarskuldir tæplega 115 milljónum.

Í upphafi árs 1987 óskaði Kaupfélag Berufjarðar eftir greiðslustöðvun og var ætlunin að vinna að frambúðarlausn á vandamálum kaupfélagsins. Reynt var að ná samningum sem gætu stuðlað að því að viðskiptamenn yrðu fyrir sem minnstu fjárhagslegu tjóni. Niðurstaðan varð sú að Kaupfélag Berufjarðar varð gjaldþrota. Gerðir voru nauðasamningar við lánadrottna sem hljóðuðu upp á að 30% af skuldum voru greiddar. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga og Búlandstindur hf. keyptu varanlegar eignir KBF og Samband íslenskra samvinnufélaga og ýmis dótturfyrirtæki þess eignuðust hluti í Búlandstindi en rekstur þess félags hafði farið batnandi síðustu árin. Kaupfélag Austur-Skaftfellinga tók við rekstri KBF en smátt og smátt hneig sú sól líka til viðar.

Síðla árs 1987 var sögu Kaupfélags Berufjarðar lokið. Félagið hafði svo sannarlega haft gríðarleg áhrif á samfélagið frá Lónsheiði að Streitishvarfs og gaman er að velta því fyrir sér hvernig umhorfs væri hér ef Kaupfélagið hefði ekki komið til skjalanna og hvort áhrifa Kaupfélags Berufjarðar gæti enn þann dag í dag.

FRÁ KIRKJUNNI



Heil og sæl kærur vinir,

Í Djúpavogskirkju er vetrarstarfið hafið. Því miður setur faraldurinn strík í reikninginn við skipulagningu en einnig þurfti að hafa í huga kosningar, göngur o.s.frv. Allt safnast þetta í reynslubankann hjá prestinum. Skipulag helgihaldsins fram að jólum verður auglýst eins og kostur er, en auðvitað veltur þetta mikið á því hvernig faraldurinn þróast. Um þessar mundir eru t.a.m. miklar samkomutakmarkanir og m.a. getur kórinn ekki æft. Þetta hefur óneitanlega áhrif á kirkjustarfið. Eitt hefur faraldurinn kennt okkur og það er að taka einn dag í einu. Með jákvæðni og samstöðu sigrumst við á veirunni og þá verður hægt að koma saman á viðburðum eins og í kirkjunni á nýjan leik. Fram að því munum við senda helgistundir, bænastundir og tónlist frá kirkjunni líkt og gert var sl. vor.

Þegar sumarið gekk í garð virtist ástandið orðið betra, en því miður braust faraldurinn út aftur seinni hluta sumars og aflýsa þurfti fyrirhugaðri messu í Papey. Þrátt fyrir einkennilegt ástand var hægt að ferma að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Alls voru tíu börn fermd þetta árið, þrjú á Hofi í júní og sjö í september á Djúpavogi. Fermingardagarnir voru dásamlegir og unglíngarnir stóðu sig með þryði. Fermingarundirbúningur fyrir næsta ár er nú hafinn og verða sjö börn fermd næsta vor.

Foreldrafélag Bjarkatúns, Neisti og Djúpavogskirkja verða með íþróttaskóla í vetur á hverjum laugardegi. Kirkjan skipuleggur annað hvert skipti og í lok þeirra tíma verður „Sunnudagaskóli.“ Þar munum við syngja, heyra sögur og skemmta okkur. Einnig verður sunnudagaskóli í kirkjunni t.d. í tengslum við adventu og jól þannig að yngstu krakkarnir geti líka komið saman í kirkjunni. Við sem sjáum um skipulagið á þessum stundum höfum því miður þurft að fresta þeim meðan núverandi bylgyja gengur yfir.

Á þriðjudögum er barna- og æskulýðsstarf í Djúpavogskirkju. 1.-4. bekkur mætir fyrst, 5.-7. bekkur kemur í kjölfarið og um kvöldið mæta unglíngarnir. Í vetur mun ég njóta aðstoðar krakka í 6.-10. bekk við barnastarfið og sunnudagaskólann, en hluti af æskulýðsstarfinu er að þjálfa leiðtoga. Þegar krakkarnir koma saman er spjallað um boðskap Jesú, við syngjum saman og lærum bænir. Stór hluti stundarinnar fer í leiki, fönður o.s.frv. Mætingin hefur verið góð og það er óhætt að segja að kirkjan okkar sé lifandi á þessum dögum. Fyrir það er ég afar þakklátur. Krökkunum á að líða vel í kirkjunni sinni og eiga þar öruggan samastað.

Það er frábært að búa á Djúpavogi og nóg um að vera. Persónulega finnst mér ómissandi að fara í vöflukaffi í Tryggvabúð á miðvikudögum. Einnig er mjög skemmtilegt að röltu um bæinn hitta fólk og fara í fyrirtæki. Ég er mjög þakklátur fyrir að sitja í stjórn Neista og kenna upp í skóla, presturinn og kirkjan eiga að vera hluti af samfélaginu að mínu mati. Kirkjan er fyrir fólk í gleði og sorg. Mig langar að þakka ykkur kærur vinir fyrir góðar móttökur og hlýhug í garð kirkjunnar.

Það eru hugmyndir að brjótast um í huga mér vegna kirkjustarfsins. Þannig má nefna jóga og hugleiðslustundir í samstarfi við áhugasama á staðnum, Biblíulestrarnámskeið og heimsókn fyrirlesara. Vonandi verður þetta að veruleika í náinni framtíð.

Á fundi sóknarnefndar nýlega var m.a. rætt um viðhald á kirkjunni okkar fallegu. Fljótlega þarf að mála innandyra en einnig laga klukkuturninn. Stefnt er að því að lýsa upp kirkjuna í vetur og í ljósi þess að Djúpavogskirkja á 25 ára vígsluafmæli 19. maí næsta vor er draumurinn að setja upp kross í grennd við kirkjuna. Hellur sem kirkjan á hafa nú verið fjarlægðar og markmiðið er að malbika bílastæðið næsta sumar. Eftir samtölum við bæjarbúa að dæma þykir okkur vænt um kirkjuna okkar og vonir standa til að allt umhverfi hennar verði bæjarþryði.

Það er gaman að segja frá því að einstaklega vel er hugsað um sveitakirkjurnar okkar, Berufjarðarkirkju, Beruneskirkju, Hofskirkju og Papeyjarkirkju. Stefnt er að því að messa í þeim öllum í vetur og næsta sumar. Endurbætur hafa staðið yfir á Hofi og þeim er nánast lokið. Áætlað er að koma upp aðstöðu við kirkjuna fyrir áhöld og snyrtingu. Framkvæmdir við Beruneskirkju hefjast að öllum líkindum í október, en þar mun forkirkjan verða endurbætt.

Þegar minnst er á kirkjuna, bæði Djúpavogskirkju og sveitakirkjurnar má ekki gleyma því að í sóknarnefndum kirknanna situr fólk sem vinnur gríðarlega óeigingjarnt starf í sjálfboðavinnu. Við erum rækilega minnt á það þessa dagana hversu mikilvægt það er að standa saman og eiga góða vini að. Því langar mig að þakka öllum þeim sem hjálpa kirkjustarfinu að blómstra. Það er þakkarvert að fólk leggi hönd á plóg þegar þarf að taka til hendinni við bílastæðið, halda við kirkjugörðunum eða aðstoða með tæknimál við streymi, takk fyrir hjálpina hún er ómetanleg.

Mig langar einnig að minnast á kór Djúpavogskirkju, þar er frábær hópur á ferð og það er einstakt andrúmsloft á æfingum. Kirkjustarf er óhugsandi án kórastarfs og það eru ófáar kirkjurnar sem öfunda okkur af öfluglu starfi okkar. Í haust réð kirkjan organista sem einnig er tónlistarkennari við skólann, er það mikið gleðiefni. Við bjóðum llonu velkomna til okkar.

Minni á að öll eruð þið velkomin að hafa samband í síma 891-6138, með tölvupósti alfred.orn.finnsson@kirkjan.is eða senda skilaboð á Facebook. Það kostar ekkert að hitta prestinn sinn. Kirkjan er fyrir okkur öll. Fastir viðtalstímar eru á mánudögum kl. 10-12 og læt ég vita sérstaklega verði ég ekki í kirkjunni á þeim tíma. Auðveldast er að hafa samband og bóka tíma sem hentar.

Að lokum langar mig að nefna að ef þið eigið eftir að gifta ykkur er lítið mál að skipuleggja einfalda athöfn, prestar víðs vegar um landið hafa boðið upp á slíkar athafnir undanfarið og fjölmörg pör hafa nýtt tækifærið.

Kæru vinir, frelsarinn okkar Jesús Kristur hvatti okkur til að líta ekki aðeins á eigin hag heldur einnig hag vina okkar. Þessi góði boðskapur á alltaf við en einstaklega mikilvætt er að hafa hann í huga þessa dagana. Gott er jafnframt að minnast þessara orða, Jesús sagði: „Komið til mín, öll þið sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita ykkur hvíld.“ Friður Guðs sé með ykkur öllum, kærleikskveðja, sr. Alfreð.

HRÓSIÐ



Hrósið mitt fær Björgunarsveitin Bára og laxeldið (okkar laxeldi) fyrir snör, fagmannleg viðbrögð og samvinnu við björgun Auðar Vesteins

Alfreð Finnsson




Hrósið mitt fá Djúpavogsbúar fyrir samheldni. Það er með eindæmum dásamlegt að búa á stað, þar sem eitthvað bjátar á eða hjálpar er þörf, þá er hjálparhöndin alltaf til staðar.

Dagur Björnsson



Hrósið mitt fær Búlandstindur ehf, Laxar fiskeldi hf og Fiskeldi Austfjarða hf. sem öll standa að Laxaslátruninni í Búlandstindi. Það er algjörlega til fyrirmyndar hvað þessi fyrirtæki koma vel fram við allt sitt starfsfólk þar og lætur það finna hvað hver og ein persóna skiptir miklu máli, öll vinnuaðstaða er algjörlega til fyrirmyndar,frábær vinnuandi og mikil samheldni. Allt gert til að hverjum og einum líði sem best

Jóna Kristín Sigurðardóttir



Hrós mitt fáum við öll sem búum í Djúpavogshrepp, Höldum áfram að vera bjartsýn,dugmikil, og snjöll. Við vitum öll hvaðan krafturinn kemur.

Pórir Stefánsson

RÚLLANDI SNJÓBOLTI/13, DJÚPIVOGUR

11. júlí - 15. ágúst 2020

Enn einu sinni var Bræðslunni á Djúpavogi breytt í vettvang stórrar samtímalistasýningar, en Rúllandi snjóbolta/13 opnaði þar formlega 11. júlí 2020.

Hátt á þriðja hundrað manns sóttu opunarhátíðina þegar Rúllandi snjóbolta/13, Djúpivogur opnaði í Bræðslunni. Sýningin var haldin í sjöunda sinn en hún er samvinnuverkefni Kínversk-eyrópsku menningarmiðstöðvarinnar og Djúpavogshrepps. Alls tóku 33 listamenn þátt í sýningunni í ár en 19 af þeim útskrifuðust úr Listaháskóla Íslands vorið 2020. Opnunin var glæsileg og var boðið upp á girnilegar veitingar úr héraði klassískt söngatriði og ræðuhöld áður en opnað var formlega þegar klippt var á borðann. Öllu var dreift þægilega um víð og dreift í stóru rými Bræðslunnar og fylgt var öllum viðmiðum almannavarna vegna Covid-19 faraldursins og spritt sýnilegt hvarvetna.

Sýningin var í framhaldinu opin alla daga kl. 11:00-16:00 til 15. ágúst. Mikil aðsókn var enda ókeypiss inn. Ógrynni ferðamanna og gesta skoða gjarnan egg Sigurðar Guðmundssonar í Gleðivík við smábátabygguna dag hvern, en sýningarrýmið Bræðslan er þar beint við hliðina og var Sigurður Guðmundsson einmitt einn af þátttakendum sýningarinnar þetta ár.



Opunarhátíðin

Líkt og ár hvert var haldin vegleg opunarhátíð Rúllandi snjóbolta og var árið 2020 engin undantekning þrátt fyrir að sýningin þyrfti að sníða sér stakk eftir vexti í miðjum heimsfaraldri. Gauti Jóhannesson sveitarstjóri hélt opunarræðu og nýtti tækifærið og þakkaði fráfarandi Oddvita Andrésí Skúlasyni og eiginkonu hans, Grétu Jónsdóttur og færði þeim virðingavott fyrir vel unnin störf. Philip Barkhudarov söngvari flutti dásamleg lög fyrir gesti. Greta Mjöll Samúelsdóttir atvinnu- og menningarmálafulltrúi bauð gesti velkomna fyrir hönd sveitarfélagsins og CEAC. Systurnar frá Frú Stefaníu í Löngubúð sáu um veitingarnar sem voru með hefðbundnu sniði þar sem staðbundin framleiðsla var í hávegum höfð. Þær útbjuggu dásamlegar snittur með fjölbreyttu sniði og með þessu var heimatilbúin rabarbarasaft með ferskri myntu úr garðinum Bergþóru.

Listamenn:

Alexander Hugo Gunnarsson, Andri Þór Arason, Anika L. Baldursdóttir, Atli Pálsson, Auðunn Kvaran, Birkir Mar Hjaltested, Bjargey Ólafsdóttir, Clare Aimée Gossen, Daníel Ágúst Ágústsson, Einar Lúðvík Ólafsson, Hrafnkell Sigurðsson, Huang Shizun, Jóhanna Margrétardóttir, Kjáni Thorlacius, Lin Jing, Liu Yuanyuan, Lova Y & Tycho Hupperets, Margrét Dúadóttir Landmark, María Lind Baldursdóttir, Marike Schuurman, Rakel Andrésdóttir, Renate Feizaka, Sigurður Guðmundsson, Sólbjört Vera Ómarsdóttir, Sölvi Steinn Þórhallsson, Tara & Silla, Wei Na, Yang Zhiqian, Ye Qianfu og Þór Vigfússon.

DAGAR MYRKURS



Dagar myrkurs er byggðahátíð á Austurlandi þar sem gervallur landshlutinn leggst á eitt við að gera íbúum og gestum þeirra glaða daga í svartasta skammdeginu og lýsa þá upp með skírskotun í ríkan drauga- og vættaarf. Í mínu starfi felur þetta í sér að hvetja fólk, fyrirtæki og stofnanir til að taka á móti gestum með upplýsandi viðburðum tengdum jafnt myrkrinu sem ljósinu. Þarna skipuleggjum við saman fjölda viðburða til samveru!

Mörg á Íslandi eru farin að halda nokkuð hátíðlega uppá Hrekkjavöku. Dagar myrkurs hafa að jafnaði verið skipulagðir á svipuðum tíma síðastliðin 20 ár. Frekar en að reyna að slíta þetta í sundur eða velja á milli hefur mér alltaf þótt skemmtilegri hugmynd að samnýta og sameina og gera þannig enn meira úr þessu. Taka Hrekkjavökuna inn í Daga myrkurs þar sem hátíðisdagurinn hrekkjavaka er ættaður frá Keltum þar sem færðar voru þakkir fyrir uppskeru sumarsins og boðin koma vetursins. Þetta er því náskyld hvert öðru. Hrekkjavakan er alltaf 31. október og var kvöldið fyrir allraheilagramessu sem kirkjan hélt alltaf 1. nóvember. Áður fyrr taldi fólk gjarnan tímamót í vetrum og nóttum fremur en í árum og dögum og var veturinn oft talinn koma fyrst. Mánaðarmótin október/nóvember voru því tími vetrarbyrjunar og þar með nýs árs. Sambærileg hátíð var haldin á Íslandi í lok október sem kölluð var veturnætur og oft var haldið díslót á Norðurlöndum á sama tíma. Veturnætur eða vetrarnætur voru forn tímamót sem haldin voru hátíðleg á Norðurlöndum áður fyrir Kristnitöku. Þetta var gert í október til að fagna upphafi vetrar en í gamla norræna misseristalínu var vetrarmisserið talið á undan sumarmisseri svo þetta voru einskonar áramót. Á þessum tíma tóku kuldinn og myrkrið við, jörðin sofnaði og dauðin ríkti. Hátíð hinna dauðu er því frá Skotlandi og Írlandi og hét á gelíska Samhain, hátíð hinna dauðu. Nú hefur það heiti breyst í Halloween eða Hrekkjavöku. Þessi tími, þessi áramót, eru því einhverskonar millibilsástand sem ríkir á tímum mikilla umskipta. Þá geta menn skynjað handan heima, séð drauga og álfa og spáð í framtíðina í anda Daga myrkurs. Hefð myndaðist fyrir því að þá væri brenndum kertum komið fyrir í útskornum næpum og svo tíðkaðist að kveikja í bálkóstum. Einnig fóru ungir og aldnir á milli húsa klæddir búningum og með grímur. Hátíðin fluttist með Írum og Skotum til Ameríku á 19. öld en í Bandaríkjunum uxu aftur á móti grasker sem voru mun stærri en næpunar og því auðveldari til útskurðar. Sambærilega hátíðin veturnætur lagðist af sökum kristnitökunnar á Norðurlöndum og allraheilagamessan átti að koma í staðinn. Núna vegna áhrifa bandaríks sjónvarps og kvikmyndaverður þó æ algengara að Norðurlandabúar haldi uppá hrekkjavöku að bandarískum síð. Og vonandi getum við kannski íslenskað það enn meira með Dögum myrkurs.

Dagar myrkurs eru því dásamlegt fyrirbæri sem hefur skírskotun í allar áttir.

Hefðin um Daga myrkurs er orðin tiltölulega rótgróin á Djúpavogi. Árin sem ég var búsett í Bandaríkjunum kynntist ég hrekkjavöku og lærði ég að þykja voðalega vænt um hana. Þá sérstaklega vegna þess hvað haustið getur oft verið langt. Sumarið klárast og fólk fer nánast strax að bíða eftir jólinum. Það gæti mögulega verið ástæðan fyrir því að stundum heyrast jólalög í september. Þetta uppbrot á haustinu kunni ég að meta vestanhafs. Þegar sumrinu lauk tók við hrekkjavaka og svo þakkargjörðin. Loks í lok nóvember fór fólk fyrst að hlakka til jóla og það var ekki eilíf bið. Dagar myrkurs gera nákvæmlega þetta, stytta haustið og biðina fram að jólinum. Einnig bjóða þeir veturinn velkominn og gefa fólki ástæðu til að hittast og vera saman.

Dagar myrkurs snúast nákvæmlega um það að landshlutinn, og þá sveitarfélögin, geri íbúum og gestum þeirra glaðan dag, lýsa upp skammdegið og skipuleggja viðburði til samveru.

Svo kom covid, aftur.

Nú líður að Dögum myrkurs og allt á pásu.

Við förum eftir öllum takmörkunum sem okkur ber að fylgja, getum ekki gert allt sem við viljum og erum vön að gera. En við getum samt gert eitthvað.

Engin dagskrá liggur föst fyrir ennþá en mun mótast þegar nær dregur og við vitum meira. Við aðlögum okkur að þrjóskaðum vágasti og gerum okkur glaða daga í öryggi. Hvernig sem þeir verða.

Fylgist með á facebooksíðu Djúpavogs www.facebook.com/djupivogur.is

Greta Mjöll Samúelsdóttir

Atvinnu- og menningarmálafulltrúi og ritstjóri Bóndavörðunnar

dagar myrkurs DJÚPAVOGI

28. okt. – 1. nóv.

Draugahús í
Íþróttahúsinu

Ljósmyndakeppni

Hrollvekjandi tilboð
í Við Voginn

Faðirvörahlaupið

Fifamót Daga myrkurs

Hlaðvarp/útvarp
Fólk hvatt til að taka upp lestur, söng,
samtöl, hugleiðingar, ljóðaflutning og
hvaðeina. Eini skal senda á
amfulltrui@djupivogur.is eða hafa samband
í 697-5853.

Grikk eða gott,
gengið milli húsa á
búningadaginn 30. okt.
Krakkar ganga um þörpið í
búningum og betla sætindi.
Útikerti eða útiljós merkir að
húsið vilji heimsókn

Kahoot pubquiz.
Djúpavogspema.
Öll allstaðar geta tekið þátt!
Vegleg verðlaun í boði.

Fylgist með fleiri viðburðum sem
bætast við og breytast í ljósi
aðstæðna á fésbókarsíðu
Djúpivogur.is

Geislar verslun Gautavík opin 11-17.
Dagur myrkurs tilboð
laugardag og sunnudag.

Búningadagur
í þörpinu
föstudaginn
30. október

Skuggaverk í
Tankinum

Bílabíó.
Bíómyndin „Hamingjan býr í
hæglætinu“ frumsýnd. Mynd um
innleiðingu Cittaslow
hugmyndafræðinnar í grunn- og
leikskóla Djúpavogs.

Hryllilega smár
smáréttamatseðill á Hótel
Framtíð 29. – 31. okt.

Leikskólinn Bjarkatún ætlar að vera með skrímsla þema
á Dögum myrkurs.

Teknar verða fyrir bækurnar um stóra skímlið og litla
skímlið og unnið út frá þeim í hópastarfi og þær lesnar í
samverustundum.

Í hópastarfi vikunnar 19.-23. október
og 26. -30. október verður eftirfarandi;

Listakrökur = gert skrímli

Einingakubbar = byggt skrímli

Hreyfing = þrautabraut skrímslanna

Numicon = gefa skrímli að börða

Lubbi = Vinnum með bókstafinn S og föntrum stafaskrímli

Krummadeild = búíð til skrímli og því gefið að börða



Hryllilegasta
húsið keppni

Matseðillinn er í anda skrímslanna

28. október miðvikudagur Skrímslabollur

29. október fimmtudagur Sjóskrímslaréttur

30. október föstudagur Skrímslakássa

TRÖLL & DRAUGAR

Upplýsingar frá Hrönn í Sæbakka

Mórar

eru karldraugar oftast í mórauðri peysu, úlpu eða mussu með kollágan barðastóran hatt eða lambhúshettu. Sumir þeirra gengu við broddstaf. Þeir voru yfirleitt í gervi lítilla karla.

Voga – Móri var sendur frá Vestfjörðum til bónda sem bjó á Flugustöðum í Álftafirði. Gegn honum var fengin draugavörn og var hann kyrrsettur við Voga sem eru á milli Starmýrar og Flugustaða. Glettist hann þar oft við ferðamenn og fær far með þeim í bílum. Koma þá gjarnan svartir skýnoðrar á gluggana á bílunum en Móri yfirgefur bílinn áður en komið er að Flugustöðum, því þangað kemst hann aldrei.

Löngubúðar – Móri heldur til á loftinu í Löngubúð á Djúpavogi og heyrir oft skarka þar ef hljótt er í húsinu.

Skottur

eru kvendraugar þær báru gamla íslenska höfuðbúninginn en blæjan var mórauð og flaksaði eða lafði niður um herðarnar eins og skott. Oft voru þær í rauðum sokkum. Þær voru litlar, grannar og vesældarlegar.

Diljuvallaskotta varð úti skammt frá bænum á Diljuvöllum. Hún sveimaði þar um og reyndi að villa mönnum veginn. Oft dugði að kveikja ljós þá hvarf hún.

Nykur eða nennir

var vatnavera sem birtist oft í gervi hests eða ungs manns. Nykur bjó í vatni og reyndi að draga ungar stúlkur og börn í vatnið til sín. En hann mátti ekki heyra nafnið sitt og ekki þoldi hann að gert væri krossmark. Þá hvarf hann.

Nykur býr í Nykurhlynum í Fossá sem rennur skammt sunnan við bæinn Lindarbrekku á Berufjarðarströnd.

Menglöð

var tröllkona sem bjó á bak við Menglaðarfoss í Hamarsdal. Hún var hrekkjótt og gat villt fyrir smalamönnum í glaðaskólskini. Hún reyndi að tæla þá til sín bak við fossinn. Tröll eða vættir sem bjuggu í fossum voru oft hjúpaðar bláleitem eða ljósum slæðum með blautt hárið. Hávaxnar og grannar með sitt slegið hár.

Bera og Sóti

bjuggu í Berufirði og var Bera rík kona sem átti marga óvini og gat ef á þurfti að halda brugðið fyrir sig göldrum. Eitt sinn fóru þau ásamt heimilisfólki sínu í jólaveislu upp á Hérað. Á heimleiðinni gerðu óvinir Beru á hana Galdrahrið. Heimilisfólkið fórst á svonefndum Mannabeinajalla og Sóti hrapaði til bana í Sótatötni en Bera gat varið sig gegn veðrinu og komst heim að bænum. En hestur hennar varð trylltur og æddi inn í hesthúsið en Bera varð ekki nógu fljót að beygja sig þegar hesturinn rauk inn í húsið, rann hún af baki og hálsbrotnaði.

Bera og Sóti eru ríkmannlega klædd og Bera eflaust mjög gullskreytt.

Skálabrandur

var draugur sem vakinn var upp volgur og eru þeir draugar jafnan illvígastir. Hann var sendur að Skála til að drepa mann sem hét Antoníus en varð fyrir því óláni að drepa rangan mann. Eftir það þvældist hann um svæðið á milli Skála og Berufjarðar og reyndi að koma ferðamönnum í sjóinn eða drepa þá með öðrum hætti. Skálabrandi fylgdu miklar eldglæringar og læti. Eitt sinn fylgdi hann einhverju fólki til Ameríku en kunni ekki við sig og kom aftur til Íslands og ekki eru nema nokkur ár síðan að síðast varð vart við hann á Berufjarðarströnd.

Trúlegt er að Brandur gamli geti brugðið sér í gervi kúreka eftir Ameríkuferðina.

Fluga

var bóndakona á Flugustöðum í Álftafirði. Eitt sinn mislíkaði henni við heimilisfólk sitt og féll hún þá í tröllsham og stökk frá bænum og settist að í svonefndum Bríkarhelli. Þar sést enn rúmbæli hennar og koppurinn undir rúminu. Hún er grafin í landareign Flugustaða og sagði hún að á meðan leiði hennar sæist skyldi Álftafjörður aldrei verða rændur eða mannfall verða af harðindum eða hungursneyð.

Rannveig

bjó á Rannveigarstöðum í Álftafirði og var hún systir Flugu. Munu þær systur ennþá gæta hagsmuna Álftafjarðar og eru vel á verði gagnvart ókunnugum og vilja eflaust vernda sveit sína fyrir öllu illu.

LITLI FRAMKVÆMDASTJÓRINN

Birtingarmynd Cittaslow á Djúpavogi

„Fyrst ætluðum við bara að undirbúa venjulega sultu svo datt mér í hug að selja sultuna“ segir Ívar Orri Kristjánsson 7 ára viðskiptamaður á Djúpavogi. Sultan góða var úr rabarbara. Ívar Orri hjálpaði að tína rabarbarann upp með pabba sínum en vill alls ekki gefa Bóndavörðunni uppskriftina, enda fjölskylduuppskrift og því leyndó. „Svo smíðuðum við kassann og settum á rafmagnskubb. Fengum okkur bara spýtur, söguðum og bjuggum til kassa með þaki. Það var mín hugmynd“. Sultukrúkkunum var síðan raðað inn í kassann ásamt smá skiptimynt og auglýstar til sölu á fimmhundruð krónur. Ívar Orri var þarna búinn að búa til sjálfsala og sjálfsafgreiðslu svo hagnaður og þægindi væru sem mest.

Uppákoman vakti verðskuldaða athygli og segir Ívar Orri að viðtökurnar hafi verið góðar. „Ég var aðeins að njósna til að sjá hverjir keyptu og ég veit hver kom fyrst. Það var frænka mín Ingibjörg“. Seinna um sumarið ákvað Ívar Orri að endurtaka leikinn og ákvað þá að prófa berin og útbjuggu þeir feðgar krækiberjahlaup. Hann viðurkennir þó að hann viti ekki alveg hvernig krækiberjahlaup er búið til en pabbi hans kann það svo hann aðstoðaði bara við að tína berin. Það seldist ekki eins vel og rabarbarasultan og virðist hún því vera hans vinsælasta vara til þessa.



Aðspurður hvort hann sé komin með nýjar hugmyndir fyrir framhaldið bendir hann réttilega á það að nú sé komið haust og vetur í nánd og því er kassinn góði kominn í geymslu á góðum stað. Hann hinsvegar útilokar alls ekki að starfsemin endurtaki sig næsta vor og geti þess vegna tekið á sig nýja mynd. Þó finnst honum líklegast að hann endurtaki rabarbarasultugerðina og sölu þar sem það seldist svo svakalega vel hjá honum í fyrstu tilraun. Ívar Orri átti heima í Orkneyjum fyrir nokkrum árum og þá sá hann ekki ósvipað viðskiptamódel þar sem svona sjálfsalar voru sýnilegir og fólk gat keypt sér egg og kökur. Ívar Orri útilokar það alls ekki að sjálfsalinn hans gæti fyllst af súkkulaðikökum einn daginn sem fólk getur þá keypt af honum og gætt sér á.

Ívar Orri er greinilega fyrirmyndar viðskiptamaður. Aðspurður hvað skyldi gera við gróðann svaraði hann því strax að að sjálfsgöðu ætti að deila honum á milli hans og pabba. Gróðanum er þó ekki skipt jafnt enda er Ívar Orri hugmyndasmiðurinn á bakvið verkið. Hann hafði ráðið föður sinn til að útfæra hana, smíða kassann og búa til sultuna. Pabbi hans lagði einnig til pening í skiptimynt og merkti krúkkurnar. Þeir feðgar seldu 8 krúkkur, veltan var því 4000kr. Pabbi hans fékk af því heilar 950kr. eða rúm 23%. Faðir hans viðurkennir að hann veit ekki nákvæmlega hvaðan sonur hans fékk út þá tölu en það má alveg viðurkennast að hann hefur átt prósentuna skilið fyrir aðstoðina. Enda sá pabbi hans um verklegar framkvæmdir en Ívar Orri átti hugmyndina og var framkvæmdastjóri svo þetta er dæmi um kapitalismann í hnotskurn. „Það snýst ekki alltaf um hver gerir verkið, heldur hver gerir dýrmætustu hlutina“ segir Kristján faðir hans og hlær.

Ívar Orri veit vel í hvað hans hlutur fer, en hann er að safna sér fyrir dálitlu sem hann ætlar að spila á í tónskólanum. Hann vill hinsvegar alls ekki gefa það uppi hvers kyns hljóðfæri það er. Það skal koma fólk á óvart. Það hefur gengið vel að safna og sultuviðskiptin hjálpuðu mikið til en pabbi hans er á leiðinni í bankann á morgun svo speningurinn er mikill.

Ívar Orri mælir með þessari viðskiptahugmynd og hvetur fólk til að gera slíkt hið sama. Sérstaklega fyrir hluti sem ganga af og fólk á kannski of mikið af. Til dæmis þegar fólk á fleiri sultukrúkkur, egg eða uppskeru en það þarf og aðrir geta notið góðs af. Fullkomlega í anda Cittaslow hugmyndafræðinnar.

Þarna er greinilega maður með stærðarinnar hugvit og hugmyndir sem er rétt að byrja að láta til sín taka. Hver veit hvað gerist næst?

FORELDRAVERÐLAUN HEIMILIS & SKÓLA

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 25. sinn við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu á afmælisdegi samtakanna, 17. september 2020, en samtökin fagna nú 28 ára afmæli. Lilja D. Alfreðsdóttir, ráðherra mennta- og menningarmála, ávarpaði samkomuna og afhenti verðlaunin en að þessu sinni hlutu Smiðjur í Djúpavogsskóla og nytjamarkaðurinn NOTÓ Foreldraverðlaun Heimilis og skóla. Einnig var útnefndur Dugnaðarforkur Heimilis og skóla og veitt voru Hvatningarverðlaun. Sérstök dómnefnd fór yfir allar tilnefningar líkt og vant er.

Foreldrafélag Djúpavogsskóla fékk haustið 2018 húsnæði hjá Djúpavogshreppi og setti á lagginnar nytjamarkaðinn Notó, en enginn nytjamarkaður eða móttaka heilla hluta var fyrir á Djúpavogi. Rekstrarformið er þannig að Notó er opið einu sinni í viku og sjá nemendur skólans um að raða, verðleggja og afgreiða. Einn bekkur sér um hverja opnun undir leiðsögn eins til tveggja foreldra. Innkoma Notó rennur svo beint til barnanna og meðal þess sem fjármagnað hefur verið eru útirólur, leikrit, fyrirlestrar og stutt ferðalög fyrir nemendur. Þá hefur foreldrafélagið boðið upp á fjölbreyttar smiðjur, örnámskeið og fyrirlestra í nokkur ár. Markmiðið er að bjóða upp á einn til tvo viðburði á Smiðjuhelgi frá utanaðkomandi aðila og virkja foreldra og mannaúð Djúpavogshrepps. Hefur það tekist með eindæmum vel og frábær stemning skapast meðal barna og foreldra. Smiðjuhelgin er orðin fastur viðburður í félagslífi skólans.

Vegna takmarkanna er Notó lokað núna og verður opnunartími sniðinn eftir aðstæðum. Fylgist með á Notó - nytjamarkaður á facebook.



Sigrún Eva Grétarsdóttir, fulltrúi foreldrafélags Djúpavogsskóla mætti á þjónustumiðstöð Heimilis og skóla og tók við Foreldraverðlaunum 2020 úr höndum Hrefnu, framkvæmdarstjóra Heimilis og skóla. Mynd: Hildur Halldórsdóttir

Frétt frá www.heimiliogskoli.is

Hótel Framtíð ehf 765 Djúpavogi ICELAND

Vetrar tilboð á gistingu veturinn 2020 október - lok apríl 2021.
You can ask for special offer this winter Október - end of April.



Velkomin á Hótel Framtíð Djúpavogi
við hlökkum til að sjá þig!
Minnum á borðapantanir vegna fjölda takmarkana.

Welcome to Hotel Framtid Djupivogur,
looking forward to seeing you!
Remember to order table.

email: info@hotelframtid.is
sími/tel: 478-8887

Veitingasalan opin/lokað á eftirfarandi dögum:
Hótel Framtíð sinnir sérþjónunum utan hefðbundins opnunartíma bara hringja eða senda fyrirspurn.

mánudagar	opið 12:00-13:30	kvöld lokað
þriðjudagar	opið 12:00-13:30	kvöld lokað
miðvikudagar	opið 12:00-13:30	kvöld lokað
fimmtudagar	opið 12:00-13:30	opið 18:00-20:00
föstudagar	opið 12:00-13:30	opið 18:00-20:00
laugardagar	hádegi lokað	opið 18:00-20:00
sunnudagar	veitingasala lokað	

DJÚPAVOGSDEILDIN 2020

Djúpavogsdeildin lifði góðu lífi sitt annað sumar. Þátttakan var til fyrirmyndar en 6 lið skráðu sig til leiks hvert öðru skrautlegra og skemmtilegra. Leikirnir voru jafn litríkir og tilþrífir sem þá prýddu. Allt frá því að vera hreinlega æsispennandi yfir í að vera svo einhliða að leikmönnum annars liðs fjölgaði jafnt og þétt með litlum árangri þar til um 15 leikmenn léku á sama tíma. Gleðin var þó alltaf við völd og stutt í hláturinn sem bitnaði jafnan ótrúlega lítið á gæðum leiksins.



Liðin sem tóku þátt árið 2020 voru ríkjandi meistarar Hnaukabúsins, Hótel Framtíð STAFF, Samsteypufélagið, Vigdís Finnboga, Búlandstindur og Vetrarbruni. Mótið byrjaði með látum á sjómannadaginn sjálfan og fólk flyktist á völlinn. Bláa hafði breytt um lit og lið Vigdísar Finnboga var áberandi í skærbleikum búningum með eldraudan varalit. Búlandstindur mætti með gríðarsterkt lið sitt í opunarleik mótsins og þrátt fyrir rauða varalitinn átti Vigdís ekki roð í stórfyrirtæki staðarins. Hótel Framtíð STAFF, með nokkra lánaða leikmenn sökum Covid seinkanna, mætti ríkjandi meisturum Hnaukabúsins. Hótelíð ræður greinilega starfsfólk sitt eftir fleiru en frábærri þjónustulund, því taktana vantaði ekki. Þeir dugðu þó ekki til gegn gríðarsterku og reynslumiklu liði meistaranna. Vetrarbruni mætti með látum spriklandi fersku liði Samsteypufélagsins í sannkölluðum hörkuleik. Þar gekk Samsteypufélagið frá velli sigursælt, en sigirnir urðu enn fleiri þeirra fyrsta tímabil. Svona hófst mótið sem gekk vel fyrir sig og vakti mikla lukku. Hverjum einasta leik var „sjónvarpað“ í beinni útsendingu á fésbókarhópi deildarinnar sem ber nafnið Djúpavogsdeildin og er öllum opin. Þar vakti sérstaka athygli og ánægju áhorfenda tilkomumiklar leiklýsingar þeirra sem það tóku að sér.



Eftir tímabilið stóðu tvö lið á toppnum, gríðarsterkt lið Samsteypufélagsins og reynslumikið lið Hnaukabúsins. Þegar liðin voru búnar að þússa skóna og skrúfa undir þá takkana skall á önnur bylgja covid-19. Fyrir vikið varð aldrei af úrslitaleiknum 2020 og er enn óvíst hvenær hann verður eða með hvaða hætti. Sama á við um fyrirhugað lokahóf þar sem stefnan var að verðlauna leikmenn og þátttakendur deildarinnar fyrir ýmislegt misgáfulegt.

Djúpavogsdeildin stefnir þrátt fyrir allt á sitt þriðja sumar á næsta ári og bindur sterkar vonir við að hún geti farið eðlilega fram án nokkurra hamlanna.

Takk fyrir frábært fótoltasumar í skrýtnustu mögulegu aðstæðum, megi þau verða enn betri, stærri og skemmtilegri um ókomin ár!

Mótstjórn Djúpavogsdeildarinnar

FRÉTTIR FRÁ LEIKSKÓLANUM BJARKATÚNI

Dagur náttúrunnar

Dagur náttúrunnar er haldinn þann 16. september ár hvert og höfum við í leikskólanum nýtt þennan dag til þess að hreinsa til í kringum okkur. Í ár fóru börnin á Kríudeild (3-5 ára) í gönguferð út hjá Grunnskóla, upp á Bóndavörðu og gengu svo hringinn í kringum leikskólalóðina. Á leið sinni söfnuðu þau rusli í stóran fjölnota poka sem var meðferðis. Ýmislegt fannst sem ætti frekar heima í flokkunartunnunni eins og plast og pappi. Þá rákumst við á berjalyng sem var kærkomið hjá sumum því þá gátu þeir sem vildu gætt sér á krækiberjum.

Berjamó

Börnin á Kríudeild nýttu einn blíðviðrismorgun í vikunni til þess að fara í berjamó. Við höfðum með okkur nokkrar skyrdollur sem börnin hjálpuðust að við að tína berin ofan í. Þeim fannst rosalega gaman að tína ber og hlaupa um svæðið. Samvinna barnanna var mismikil en einn hópurinn bar af þar sem þrír tíndu ofan í dolluna á meðan einn passaði dolluna og borðaði upp úr henni. En flest voru dugleg að hjálpast að við að tína berin ofan í dollurnar. Þegar komið var í leikskólann voru berin sett í frysti og unnu þau svo listaverk úr berjunum með því að sprengja berin og mála úr safanum auk þess sem sum berin laumuðust upp í munninn.

Tilvonandi grunnskólabörn

Þessi flotti hópur er búinn að kíkja í heimsókn í grunnskólann en þar hittu þau fyrir gamla félagi úr leikskólanum sem nú eru komnir í fyrsta bekk. Nemendurnir sýndu þeim allan skólann með umsjónarkennaranum sínum henni Hönnu. Þessi heimsókn er fyrsta skrefið í samstarfi milli leikskólans og grunnskólans til þess að auðvelda börnunum þetta stökk sem er að fara milli þessara skólastiga. Í vetur mun ýmist fyrsti bekkur koma í heimsókn út í leikskóla eða elstu leikskólabörnin, Tjaldar, fara í heimsókn í grunnskólann og hitta 1. bekk.



Sammi, Garðar, Máney, Gunna og Óliver



Máney, Rán, Erla og Heiðrós



Listakrókur



Listakrókur



Dagur náttúrunnar



Grunnskóláhópurinn Tjaldar

STEFÁN STERKI SÁ „SKÖMMINA“

Úr ritinu *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. Sigfús Sigfússon 1984.

Um 1840 var Pétur prestur Jónsson í Berufirði. Þá var sveimur mikill á Skála-Brandi svo það sáu hann oft jafnt skyggir sem óskyggir. Í þann tíma var Stefán stóri, sonur Ólafs í Húsavík, hættur að búa í Víðidal og hafðist mest við hjá frændkonu sinni á Berufjarðarströnd. Hann var sem kunnugt er af mörgum sögnum jötunmenni mesta. Hann var í Berufirði við hjónavígslu hjá presti. Gerði hann sér alldátt við klerk er var sem mörgum er kunnugt hinn auðveldasti og besti maður eins og ættin. Stefán fékk vín og varð all-hreifilegur. Barst þá í tal meðal annars um yfirgang Skála-Brands þar á ströndinni og víðar, einkum um ásókn hans við Skálamenn. Var þá almennt sagt að fáir myndu fara svo um framströndina að þeir yrðu hans eigi varir og flestir við hann hræddir. Prestur vissi þá að Stefán ætlaði út að Skála og Kelduskógum. Spyr hann Stefán hvort hann hafi nokkru sinni séð Brand. „Nei,“ segir Stefán, „en mér þætti gaman að fá einu sinni að sjá skömmina“. „Farið héðan í kvöld í Kelduskóga muntu fá að sjá skömmina,“ mælti prestur, „því hún er alls ófeimin“. „Betur satt yrði,“ sagði Stefán, „og ef hann er til sem varla þarf að efa þá mana ég hann nú til þess að mæta mér í kvöld“. „Vertu viss um það að þú færð að sjá skömmina,“ segir prestur. „Hum, hum, þá fer vel,“ segir Stefán og fer.

Stefán var svo búinn að hann var í nýjum sterkum fötum og með fjaðrabroddstöng vel mikla í hendi. Þegar hann kom út á Staðareyrina mætir Brandur honum nærri niður við sjóinn. Réðust þeir þegar á. Tunglsljós var nokkurt. Stefán sló til hans með stöng sinni en hún flaug í gegnum hann eins og þokuhnoðra niður í jörðina og brotnaði en Brandur sýndist alheill eftir sem áður. Stefán þreif brotin og þokaði Brandi undan sér. Kom nú til átaka með þeim, vildi Brandur færa Stefán í sjóinn. En í hvert skipti sem Stefán sló til hans fór sem fyrr. En þegar þeir tókust á fannst Stefáni hann svo laus undir höndum að hann var óðara smoginn úr höndum honum. Þannig lékust þeir við þangað til að einhvern tíma um nóttina kom Stefán í Kelduskóga af sér genginn af þreytu með þröskotna stöng sína. En nýju fötin löfðu í lufsum utaná honum. Hann hvíldi sig þar og fór þaðan í Skála og kvaðst eigi þræta fyrir tilveru Skála-Brands. Næst er þeir klerkur fundust spurði hann Stefán: „Hefirðu nú séð skömmina, Stefán?“ „Já, og kemur eigi tilsýndin til, hum, hum. En hefðu nokkur bein verið til í þræl þeim þá hefði ég verið búinn að mola þau, hum, hum, en varla má verri ófögnuður vera, hum, hum.“ Prestur mælti: „Ég sagði þér það að þú mundir fá að sjá skömmina.“ „Ekki mun Brandur hlaupa aftur í krúmlur mínar, hum, hum,“ sagði Stefán.

VÖLVULEIÐI Í ÁLFTAFIRÐI

Úr ritinu *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. Sigfús Sigfússon 1984.

Í landeign Flugustaða í Álfafirði í Suður-Múlasýslu gagnvart Hofi og sunnan Hofsár er topplagaður hóll sem kallaður er Völvuleiði. Hann er auður vetur og varmt sumar og jafnan grænn. Þar all-nálægt er svokallaður Brikarhellir. Bæði örnefnin eru aftan úr svarta fornöld. Er það forn sögn að seiðkona nokkur afar mikil vöxtum og því ef til vill tröllkona hafi búið í helli þessum. Sér þar enn í dag rúm hennar og er það langt yfir rúm þau er mennskir menn þurfa. Bergbrík er framanvert við rúmið, sem hellirinn dregur nafn af. Á seinustu árum ævi sinnar er sagt að valva þessi hafi beðið þess að hún yrði dysjuð þar sem síðan er leiði hennar. Mælti hún svo fyrir að aldrei skyldi Álftafjörður verða ræntur eða mannfall koma af harðæri á meðan leiði hennar stæði þar sýnilegt og óáhrært. Hefir mönnum og eigi sýnst ráð að ónáða sveitarvörðinn sem hefur svo trúlega ent orð sín. Og er varla hætt við því að Álftfirðingar kæri sig neitt um það að stofna sveitinni í hættu nú fremur en verið hefir. Hellar þessir eru sagðir þrír og kallaðir Flugustaðahellar.



UMBREYTTI SUBARU JUSTY Í LISTAVERK

Nú á haustdögum lauk sýningunni „Fly me to the Moon“ í Tankinum á Djúpavogi. Listamaðurinn Birgir Sigurðsson sýndi þar ljóslistaverk sem byggir á íhlutum úr gömlum Subaru Justy sem hann átti. Listamaðurinn mærir mjög sýningarrýmið sem bókstaflega hreyfir við verkinu.



„Ég fór með hann á verkstæði því hann var orðinn hávær og millidrifrið bílað. Það hefði kostað mig ofboðslega peninga að gera við hann. Þá átti ég tvær leiðir, annað hvort að henda honum eða gera úr honum listaverk,“ segir Birgir um bifreiðina.

Seinni kosturinn varð fyrir valinu og var bíllinn frumsýndur sem listaverk á Ljósanótt í Reykjanesbæ. „Ég skrapaði bíllinn allan að utan, tók allt innan úr honum og setti ljós í staðinn. Við sýndum þetta síðan í ónýtri frystigeymslu sem nú er búin að rífa.

Viðbrögð fólks voru ótrúlega skemmtileg. Þau voru allt frá ofsahrifningu lítils stráks yfir í fuss og svei frá eldra fólki sem sagði að maður gerði ekki listaverk úr bíl, hann væri bara til að keyra. Þetta svínvirkaði því.“

Birgir segist sem barn hafa teiknað mikið af bílum og í raun alltaf verið með snert af bíladellu. Hann hafi síðan unnið með bifreiðar í listsköpun sinni. „Þetta er listin mín, að endurnýta hluti. Ég spái í hvað ég geti gert með hluti sem ég á, hvernig ég geti breytt tilgangi þeirra og svo fæ ég þessi viðbrögð. Það var örugglega talað um hvað þessi rugludallur hefði verið að gera fram á vetur í Reykjanesbæ.“

Rafvirkinn og myndlistarmaðurinn

Birgir segist ekki hafa átt neina geymslu fyrir bíllinn sem varð því eftir í sýningarrýminu að Ljósanóttinni lokinni. Þegar klefnn var rifinn var bílnum hent nema sætin og húddið urðu eftir. Það dugði Birgi nýtt verk sem sett var upp í Listagilinu á Akureyri.

Nú hefur Birgir bætt við verkið tveimur hurðum af Renault sendibíl sem hann fékk hjá Vöku í Reykjavík. „Mig langaði að búa til meira og bæta við vængjum. Þetta ferðalag er rétt að byrja. Ég er búinn að fá fullt af hugmyndum að breytingum og öðruvísi útfærslum,“ segir Birgir.

Hurðirnar tvær eru ekki það eina sem Birgir hefur bætt við frá sýningunni á Akureyri. Hann segir verkið hafa verið talsverðan tíma í vinnslu og töluvert krefjandi hafi verið að koma því saman.

„Þessi sýning er búin að vera í yfir tvö ár í vinnslu. Þetta listaverk er miklu erfiðra en hin tvö. Það er miklu meira af ljósum, ég er með 28 perur í 14 litum og svo er ég með tvo RGB LED borða sem breyta um lit. Þetta er í fyrsta sinn sem ég vinn með svoleiðis.

Ég var búinn að gera módel af verkinu og vinna að því en fór á fullt nú eftir síðustu áramót. Ég áttaði mig hins vegar ekki á hvað ég þyrfti að leysa mörg tæknileg vandamál á leiðinni. Þá var gott að vera rafvirki,“ segir Birgir sem er menntaður rafvirki og hefur starfað við myndlist og rafvirkjun í um 20 ár. „Við gerðum þetta saman, rafvirkinn og myndlistarmaðurinn,“ bætir hann við.

„Stærsta áskorunin var að finna út hvernig vængurinn ætti að vera, hvaða efni væri fallest að nota, hvaða leiðir yrði farið með lagnirnar og hvernig ég ætlaði að setja allt saman. Þetta urðu heljarinnar pælingar. Ég slípaði málninguna af hurðunum, boraði síðan fleiri hundruð göt í þær og lóðaði koparvír í allan úthringinn. Ég setti líka fljótharðnandi leir í göt í hurðunum og málaði. Þetta tók fleiri mánuði,“ segir Birgir.

Lýsistankurinn einstakt sýningarrými

Verkið er líka sérstaklega hannað fyrir sýningarrýmið sem er gamall lýsistankur sem hætt var að nota sem slíkan árið 2006.

„Ég var heima hjá móður minni að fletta stöðvum í sjónvarpinu þegar ég datt inn á viðtal við Þór Vigfússon í Að austan á N4. Ég hugsaði strax með mér að þarna langaði mig að sýna verk en vissi ekki hvaða þá. Tankurinn er frábært listrými fyrir svona verk, þótt maður sé allur úti í ryki og bæði skór og fót brún þá skiptir það engu.

Ég var að leita mér að rými sem tæki algjörlega utan um verkið og ég vissi um leið og ég sá umfjöllunina að Tankurinn tæki vel utan um ljósverk. Það sem ég vissi ekki þá er hversu ofsaleg áhrif verða á verkið. Sunnudaginn sem við opnuðum hér var brjálæðislegt rok þannig að verkið hreyfðist og það bjó til hljóðverkun. Þetta er allt öðruvísi sýningarrými en maður finnur annarsstaðar á Íslandi og ég mun koma hingað aftur.“

Gunnar Gunnarsson. Grein birt með leyfi Austurgluggans

SAFN RÍKARÐS JÓNSSONAR

Skammt frá litlu þorpi á sunnanverðum Austfjörðum er ungur drengur að líta eftir sauðfé. Þessi dagur er ekkert ósvipaður þeim sem á undan hafa gengið. Bjart yfir að líta en þokan hvílir úti við sjónarrönd fjarðarins. Drengurinn geispar, hann hefur gætt sauðfésins síðan árla morguns. Hann á enn nokkurn tíma eftir og því gengur hann upp bæjarfjallið að lítilli gjótu. Hann getur vel lítið af sauðfénu örskamma stund. Það er sjálfstýft þar sem það liggur undir mosavöxnum kambinum. Í gjótunni eru steinar, en engir venjulegir steinar – um þessa steina má láta hugann reika og búa til hvað sem er, svo lengi sem réttu verkfærin eru við höndina. Með litlum hníf byrjar hann að móta eitthvað, eitthvað sem breytir vegferð hans og arfleifð litla þorpsins við sjóinn.



Andlitsmynd af Ríkardi frá 1912 frá tíma hans í Kaupmannahöfn. Aftan á er skammstöfun listamannsins: AC Jac

Ríkardur Jónsson þarf líklega ekki að kynna fyrir Djúpavogsbúum, enda með þekktari sonum staðarins. Ríkardur fæddist árið 1888 og ólst upp á Strýtu í Hamarsfirði. Lengst af bjó hann við Grundarstíg 15 í Reykjavík en þar var hann jafnframt lengst af með vinnustofu. Ríkardur var vinsæll og virtur af samtímamönnum og verk eftir hann voru vinsæl sem gjafir. Annað slagið birtast þau á uppboðshúsum sem og nytjamörkuðum. Oft er auðvelt að skera úr um hvort verk eftir Ríkard sé að ræða því yfirleitt eru þau merkt með fangamarki hans, RJ. Það er þó ekki alltaf svo og því er nauðsynlegt að munir eftir Ríkard séu aðgengilegir almenningi.

Ýmis verðmæti er að finna í safni Ríkards Jónssonar og hafa þau ótvírætt menningarlegt gildi fyrir Djúpavog. Safnið er arfur þjóðar á umbrotatímum, myndir af fólki sem skipaði stóran sess í þjóðlífinu þegar sjálfstæði Íslendinga var enn bara draumur en ekki raunveruleiki. Þetta einkennir verk Ríkards, að upphafa íslenska vitund og íslenskt handverk. Hann var stoltur af uppruna sínum og sýndi það í verki. Heimahagarnir voru Ríkardi ætíð hugleiknir og í verkum hans má oft sjá móta fyrir því landslagi sem einkennir náttúru Búlandsness. Þar má til dæmis sjá bregða fyrir pýramídalaga fjalli, kömbum eða hömrum. Stíll Ríkards hneigðist til natúralisma og leitaði hann oft í listform fortíðar og endurskapaði þau. Til að mynda á Ríkardur stóran þátt í varðveislu höfðaleturs en hann skræði niður nokkrar gerðir af því sem einkenna íslenskan tréskurð. Höfðaletrið er talið eitt elsta listform Íslendinga, en það hafa Íslendingar notað til að skreyta híbýli sín allt frá landnámi.

Safn Ríkards á Sarpi

Í júní 2020 hófst vinna við að færa allan safnkost Ríkardssafns í rafrænt form og gera það aðgengilegra á Sarpi, sem er menningarsögulegt gagnasafn á netinu. Fjöldmörg söfn hafa skráð muni á Sarp þar sem hægt er að finna ótal muni eftir Ríkard Jónsson. Þar sem áætlað er að flytja safn Ríkards Jónssonar á næstu árum í svokallað Ríkardshús tekur nafn safnsins mið af því á Sarpi.

Að skrá safnið á Sarp er í eðli sínu einfalt verk – en svolítill handavinna. Vinnan fólst meðal annars í því að búa til geymslakerfi, staðsetja muni í hillum og yfirfara númer á munum. Hver munur hefur sitt safnnúmer og með tímanum dofna merkingin. Að merkja muni er einnig smá kúnt. Pennar eru ekki allir jafnvel gerðir og því þarf merkippinginn að mæta ákveðnum kröfum. Mörg listaverk í safninu eru úr gífsi en gífs er misgljúpt og þarf að meta hvern grip út frá því. Það þurfti þó ekki að merkja marga muni í þetta skiptið. 44 gjafir hafa borist frá árinu 2008 og nokkrir munir höfðu glatað safnnúmeri sínu.




Minnisvarði um drukknaða sjómenn

Að hafa Ríkardshús á Sarpi hefur verulegt gildi fyrir safnið. Að hafa alla safneignina í aðgengilegu, tölvutæku formi er stórt skref fram á við fyrir safnið og gerir safneignina sýnilegri þeim sem vilja hana skoða. Það auðveldar safnstarfið einnig talsvert, þar sem nú þarf aðeins að fletta í opnum gagnagrunni á netinu til að finna þann mun sem leitað er að. Sarpur auðveldar umsýslu safnmuna og getur hjálpað til við að safna upplýsingum um safnmuni. Kannski leynast meðal ykkar, lesenda, merkilegar upplýsingar um safnmuni sem ekki hafa verið skráðar.

Veistu meira?

Á vef Sarps er hægt að senda inn ábendingu um muni þegar smellt er á Veistu meira. Ef þú lumar á meiri upplýsingum um einhvern mun í eigu Ríkardshúss þá má endilega senda safninu línu. Okkur þyrstir alltaf í nánari upplýsingar um muni eftir Ríkard því það er alltaf gott að vita meira um uppruna hlutanna sem safnið geymir.

Áætlað er að safnið opni aftur í júní 2021 og ég hvet bæjarbúa og aðra til að kíkja við og upplifa þá listgáfu sem Ríkarður bjó yfir – en margir þeirra gesta sem heimsóttu safnið síðastliðið sumar höfðu orð á því hve listilega hann fangaði anda samtímamanna sinna.



Af vef Sarps



Taflmenn úr tálgesteini



Ingunn Sigurðardóttir

Tölur úr safni

Safneignin telur 969 muni. Þar af eru:

- Öll verkfæri af vinnustofu Ríkarðs, 311 verkfæri, þar af 68 þjalir
- Lágmyndir, 198 talsins!
- 245 munir úr gifsi
- 92 útskornir munir af ýmsu tagi, þar af eitt elsta verk hans, að ég tel: Tvö fylki taflmanna, en í bókinni Með oddi og egg segir Ríkarður að hann hafi ungur að aldri haft nokkra atvinnu af því að tálga taflmenn úr tálgesteini og selja. Taflsettið var því tálgað í byrjun 20. aldar, en nákvæm tímasetning er ekki til staðar. Ef einhver veit meira um taflmenn þessa má endilega koma þeim upplýsingum áleiðis með því að senda tölvupóst á Rikardshus@dju pivogur.is, eða með því að smella á Veistu meira þegar taflmennirnir eru skoðaðir á sarpur.is.

Í lokin vil ég hvetja alla til að lesa bókina Með oddi og egg sem Eiríkur Sigurðsson skráði. Bókin geymir svipmyndir af ævi Ríkarðs og gefur hún góða innsýn í hvað a manni Ríkarður hafði að geyma, hve frjó sköpun hans var alla hans tíð, hvort sem hann tókst á við skúlptúra, útskurð, teikningar eða ljóðlist, sem og hve hnyttinn og góður sögumaður hann var.

Hér eru tvær stuttar frásagnir úr bókinni. Í þeirri fyrri er Ríkarður um borð á Tjaldinum á leið til Færeyja og er fluga á vegg í tilhugalífi skötu hjúa sem orðu á vegi hans.

Þessi ferð var fremur leiðinleg, frassaveður alla leið og talsvert rugg, sem mörgum landkrabbanum kemur heldur illa. Á slíkum ferðalögum liður mér best í kojunni, og notaði ég þá aðferð að þessu sinni að miklu leyti.

Í þessu tilbreytingarleysi og hálfillum sjó gerðist þó eitt dásamlegt ævintýri, að vísu ekki neitt frumlegt, en þó af því tagi, sem jafnan þykir í frásögur færandi.

Meðal félaga minna í klefanum var ungur danskur dýralæknir, sem mér fannst að mundi vera álíka laglegur og Ólafur liljurós, og ætti að vera eftirsóttur af konum. Þó munu menn hafa einhverja hugmynd um það, að Ólafur liljurós hafi verið ljóshærður, en dýralæknir þessi var dökkur á brún og brá, en mjög bjartur á hörund með dökk tindrandi augu, knálegur og karlmannlegur. Einnig var hann vel skýr og skemmtilegur, með fallegan, karlmannlegan málróf.

Meðal kvenna þeirra, sem á skipinu voru, var stúlka ein frá Kaupmannahöfn. Hún var í hærra lagi og grannvaxin, þunnleit og gulleit á hörund, smáeyg, skáeyg og guleyg og var grænn kyrningur til frekari skrauts í augunum. Hún hafði hátt og þunnt arnarnef, sem bar andlitið mjög ofurliði. Munnurinn var í stærra lagi og varinnar sýndust eins og strengdar utan um voldugan tanngarð.

Hárið var fremur þunnt, ljósskalleitt og sló á rauðri sliki. Hún var hvorki hýrleit né kát, en stillileg og bauð af sér fremur góðan þokka.

Í mínum augum var stúlka þessi lítið fögur, en hún dansaði eins og hind í skógi. Svo kemur það dásamlega atríði til greina, að sínum augum lítur hver á silfrið, og ekki eru allar ástir í andliti fölgjar.

Dýralæknirinn fagri hafði aldrei séð þessa stúlku áður, en þau kynntust bráðlega á skipinu og tókust með þeim svo miklir kærleikar, að hvorugt mátti af öðru sjá, og mjög þótti mér lærdómsríkt að sjá, hve mikilli alúð og nákvæmni þessi laglegi piltur beitti til að ganga í augu þessarar ófríðu meyjjar.

Hann rakaði sig tvisvar á dag, nuddaði andlitið, smurði og púðaði sitt litfagra hörund. Burstadi tennur þrásinnis, og þá var fataburstun, bindishnýting og hárgreiðsla ekkert kák. Og ef nokkuð gekk úr lagi í dansinum eða fadmlögum á þilfarinu, þá kom hann jafnharðan inn til að lagfæra það fyrir framan spegil, sem var í klefanum, og hnakkaspegil átti hann sjálfur.

Svo var ást þeirra mögnuð, að hvorugt virtist finna til sjóveiki, eftir að þau sáu, en það var við matborðið að kvöldi hins fyrsta dags. En áður var pilturinn sízt betur haldinn af sjóveikinni en við hinir, og stúlkan hafði einnig haldið sig í klefa sínum allan þann dag.

Dýralæknirinn sótti það allfast, að ég gerði fyrir sig teikningu af meyjunni, en ég færðist undan og bar við sjóveiki. En sannleikurinn var sá, að stúlkan leit þannig út í mínum augum, að ég treysti mér alls ekki að gera þekktanlega mynd af henni nema allljóta. „Flattering“ var auðvitað hugsanleg, en þá gat myndin ekki orðið lík og hugði ég því best heima setið.

Þetta krókar á lífsins leið var meðal margra annarra ferðamanna, sem fóru til að skoða Færeyjar. Og fór fólk þetta á Tjaldinum í kring um allar eyjarnar og inn á margar hafnir. Þegar Tjaldur kom aftur, átti hann aðeins dags viðdvöl. Varla var Tjaldur fyrr lagstur að bryggju en dýralæknirinn leitaði mig uppi í Þórshöfn, því að þar hafði ég farið í land. Erindið var enn hið sama að biðja mig að teikna stúlkuna, sem hann sagðist nú vera trúlofaður. Nú gat ég ekki afsakað mig með sjóveiki, svo að ég sá ekki annað fært en að lofa þessu, enda voru peningar í boði. Tiltók ég nú ákveðinn tíma og beið meyarinnar með spenningsi, en í stað hennar kom unnustinn sjálfur og tilkynnti með mikilli hrellingu, að stúlkan hefði snögglega orðið lasin, og losnaði ég þannig við þennan vanda. Og lýkur hér að segja frá sveininum fagra og meyjunni með gulu augun.

Seinni frásögnin segir frá ferð hans um eyjuna Kaprí á Suður-Ítalíu með góðum samferðamönnum, Davíð Stefánssyni, skáldi frá Fagraskógi, Ingólfi Gíslasyni, lækni frá Vopnafirði, skáldinu Tryggva Sveinbjörnssyni, sem jafnan var kallaður Svörfuður, og Valdimar Halldórssyni, bónda frá Kálfaströnd við Mývatn. Þeir höfðu lent á minnisverðu skralli fyrr um kvöldið og voru nú á heimleið en ævintýri kvöldsins voru ekki öll afstaðin.

Katarína

Loks kom að því, að veitingastaðnum var lokað, og héldum við af stað áleiðis niður í Capriborg. Þá vorum við orðnir þrem stundum eftir þeim tíma, sem við áttum að vera komnir á hótelið. Þegar út kom var mesti vígamóðurinn runninn af Tryggva. Hann friðmæltist nú við Valdimar, faðmaði hann og kyssti, en kvaðst þó ekki snúa aftur með það, að leikari gæti hann aldrei orðið, enda þótt hann væri allra manna best af guði gerður.

Það hafði oft borið við í þessu ferðalagi, að Tryggvi hafði skorað á Davíð í kappyrkingu. Davíð tók því ætíð dræmt, en þá sjaldan hann lét til leiðast, fannst mér Tryggvi hafa betur, enda var hann með allra hraðskældustu mönnum, sem ég hef fyrirhitt. Nú gat hann ekki stillt sig og skoraði enn á Davíð að mæta sér. En í þetta sinn var sannur eldmóður runninn á Davíð. Hann orti reiprennandi um allt sem hann sá og heyrði í kringum okkur, og af vörum hans streymdi einnig sagnfræðilegt rím alla leiðina heim í náttstað okkar, sem var um það bil hálf tíma gangur. Þetta kvöld var Davíð hið talandi skáld.

Tryggvi var svo furðu lostinn, að það gjörsamlega rann af honum móðurinn og hann steinhætti að yrkja. En með sjálfum mér harmaði ég, að öll þessi ljóð, sem þarna voru mælt af munni fram, skyldu renna út í bláinn. Mörg af þeim voru of góð til þess.


Þegar við komum niður á hótelið, vakti eftir okkur ung hrafntinna, fiskimannsdóttir þar úr borginni, Katarína að nafni. Þetta var fríð stúlka, fremur smá vexti, svört á brún og brá eins og Ítalir eru yfirleitt. Stundum ærslaðist hún og hló, en þess á milli gat hún verið alvarleg, en alltaf voru hin tinnusvörtu augu hennar heillandi, en gátu þó skotið gneistum, ef henni mislíkaði.

Í þetta sinn tók hún á móti okkur stúrin og syfjuleg og stórhneyksluð á óstundvísi okkar, sem vonlegt var. Hrafntinnuaugu hennar gneistuðu til okkar, en er hún sá, hve glaðir og góðir við vorum, færðist óðara heillandi bros yfir sólbrúnt andlit hennar. Ekki leið á löngu, þar til Davíð bætti fyrir brot okkar. Hann greip Katarínu litlu og dansaði við hana „tarantella“ þarna á ganginum. Síðan setti hann hana á kné sér og mælti nú af munni fram hið alkunna ljóð, Katarína, sem mér tókst að skrifa niður jafnharðan. Þetta ljóð hefur oft verið prentað og lítið breytt. Hér er fyrsta erindið:

Komið allir Caprisveinar.
Komið. Sláið um mig hring,
meðan ég mitt kveðjukvæði
um Katarínu litlu syng.
Látið hlæja og gráta af gleði
gítara og mandólín.
Katarína, Katarína,
Katarína er stúlkan mín.

Daginn eftir kvöddum við Caprí og héldum til Rómaborgar. Þar skildust leiðir.

Samantekt: Ingunn Sigurðardóttir



HAULANDIT **TEIGARHORN**

Haulandit er hluti af Zeólíta-fjölskyldunni. Steindin er nefnd eftir Henry Heuland (1775-1856) sem kom oft til Íslands til að safna steinum til endursölu. Formið er auðþekkjanlegt en finnst í ýmsum stærðum og litbrigðum.

STÚLKAN Á HAMRI

Saga birt úr bókinni *Gráskinna hin meiri*. 1.bindi. 1962

Vorið 1917 á krossmessunni fór eg vistferlum frá Geithellum í Álftafirði að Hamri í Hamarsfirði. Næsta sunnudag fór eg út að Hálsi að finna móður mína, sem var flutt þangað árið áður. Um kvöldið fór eg aftur heimleiðis. Veður var kyrrt, en þoka í hlíðum og nokkur suddi. Skammt frá túninu á Hamri er dálítill sléttur flötur og klettur fyrir ofan. Niður klettinn fellur lækur, sem myndar foss, og er alldjúp kvörn undir fossinum. Þessi lækur er lítill í þurrviðrum, en getur orðið allmikill í rigningum. Þegar eg kom á flötinn, sýndist mér eitthvað upp með læknum, rétt fyrir neðan klettinn. Hélt eg fyrst það væri kind, en sá það þó ekki fullglöggt vegna suddans. Eg gekk nær að athuga þetta og sá þá að þetta var stúlka, sem sat á steini við lækinn, laut áfram og gutlaði í vatninu með höndunum. Eg sá undir eins, að þetta var ekki lifandi manneskja, enda var eg vön að sjá ýmislegt undarlegt. Eg gekk að henni og ætlaði að þreifa á henni, en fann ekkert fyrir hendinni, og um leið hvarf þessi sýn. Fór eg síðan heim og hafði ekki orð á þessu. Daginn eftir var eg ásamt tveim öðrum stúlkum við ávinnslu á túninu á Hamri, þar sem kallaður er Húsabali. Við settumst snöggvast niður, og vissi eg ekki fyrr en eg var sofnuð. Þá sé eg stúlkuna koma til mín yfir holtið, sem var milli túnsins og flatarins. Sá eg hana nú miklu greinilegar en í vökunni kvöldið áður. Hún var svo búin, að hún var í dökku pilsu, blátendri treyju, með gráa hyrnu á herðum og mórâuða þrjónahúfu á höfði. Hún var mjög torkennileg í andliti, öskurgrá á hörund og raumamædd á svipinn. Mér fannst stafa frá henni ónotakuldi og moldarlykt vera af henni. Hún spurði undir eins, hvort eg hefði ekki tekið eftir sér kvöldið áður, og jataði eg því. Þá spurði hún, hvort hún mætti koma til mín við og við í draumi, og leyfði eg henni það. Loks spurði hún mig, hvort hún Sesselja gamla, sem lengi hefði verið á Hamri, væri lifandi enn. Eg svaraði, að hún væri dáiin veturinn áður. Þá sagði hún: „Svona er það: eg sé aldrei neina manneskju, sem eg þekki eða hefur verið til, þó að hún deyi.“ Eitthvað ætlaði hún að segja meira, en þá var kallað í okkur stúlkurnar að borða, og vaknaði eg við það.

Eftir þetta fór mig að dreyma þessa stúlku mjög oft. Hún bar sig jafnan eins og henni liði illa, og sjálf var eg eftir mig í hvert sinn, sem mig dreymdi hana. Skömmu eftir að mig hafði dreymt hana í fyrsta sinn, sagði hún mér sögu sína. Hún kvaðst hafa verið vinnukona á Hamri, þegar Tyrkir hefðu rænt á Íslandi. Fréttir hefði verið komnar um athæfi þeirra sunnan úr Örafum, og hefði fólk verið farið að koma ýmsum gripum sínum á óhulta staði. Bóndinn á Hamri hefði flutt matvæli sín og ýmsa innanstokksmuni upp í Hamarssel, en fólkíð hefði verið kyrrt á bænum. Einn dag um sumarið hefði fólkíð staðið úti á hlaði og séð þá til tveggja Tyrkja á áraurunum (við Hamarsá). Hefði þá fólkíð tvístrazt í ýmsar áttir, en hún sjálf og önnur stúlka, sem Helga hefði heitið, hefði flúið út hjá læknum. Helga hefði verið miklu fljóttari og hefði komið upp í skúta þann í fjallinu, sem enn væri kallaður Helguskúti. En sjálf sagðist hún hafa verið þung á sér, því að hún hefði verið vanfær, og þegar hún hefði komið að læknum, hefði gripið sig svo mikil örvænting og skelfing, að hún hefði kastað sér í lækinn og drekkt sér. Hefði sér fundizt það betra en falla í hendur Tyrkja. Síðan sagðist hún hafa verið þarna við lækinn. Hún hefði vitað af fólki í nánd við sig, en ekki getað haft nein afskipti af því. Hún sagði mér nafn sitt, en bað mig þess lengstra orða að segja það ekki neinum, enda hef eg ekki gert það.

Eg fór nú að segja fólkinu þessa drauma. Það kannaðist við Helguskúta og söguna um hann og sagði, að flöturinn hétí Krossflötur, en vissi ekki um uppruna þess nafnst og engin deili á sögu stúlkunnar að öðru leyti.

Mig hélt áfram að dreyma stúlkuna, og talaði hún jafnan um hið sama, hvað hún ætti bágt og væri mikill einstæðingur. Oft ítrekaði hún við mig, að hvað bágt sem eg ætti, skyldi eg varast að fyrirfara mér, því að það væri hið háskalegasta úrræði, sem hægt væri að taka. Einu sinni spurði eg hana, hvernig bezt væri að búa sig undir annað líf. Hún sagði, að um fram allt þyrfti að varast að misbeita tungunni; hún væri mesti hættugripur. Annars gat hún litla úrlausn gefið við spurningum mínum. Oft kom eg á Krossflöt, meðan ég var á Hamri, en aldrei sá eg hana þar aftur.

Vorið 1918 fór eg að Búlandsnesi til Ólafs læknis Thorlacius og var þar tvö ár. Mig hélt áfram að dreyma stúlkuna á sama hátt og áður. Eg sagði heimafólkinu frá þessu, en það gerði lítið úr því, nema móðir læknisins, frú Kristín Thorlacius. Hún var hin mesta afbragðskona, höfðingi í lund og mátti ekkert aumt sjá. Hún varð aldrei þreytt á að láta mig segja sér frá draumum mínum, og alltaf var sama viðkvæðið hjá henni: „Mikið á þessi vesalings stúlka bágt, og þess vildi eg óska, að eg gæti rétt henni hjálparhönd.“

Svo leið fram undir árslok 1922. Eg var þá komin til Reykjavíkur. Þá dreymdi mig stúlkuna sem oftast, en nú var hún svo breytt, að eg þekkti hana varla nema á málrómnum. Hún var nú miklu betur búin, með slegið hár, bjartari yfirlitum og glöð í bragði. Hún sagði undir eins: „Hugsaðu þér, hver heldurðu að hafi komið til mín og hjálpað mér?“ eg gat ekki getið mér þess til. Hún sagði að það hefði verið Kristín Thorlacius. Hún sagðist nú vera komin til fólks og sér liði vel. Hún væri að vísu langt frá Kristínu, en gæti þó séð hana við og við. Nokkuru seinna frétti eg úr bréfi til stúlku að austan, að frú Kristín hefði dáið, rétt áður en mig dreymdi drauminn.

Eftir þetta fór mig að dreyma stúlkuna miklu sjaldnar en áður. Hún sagði nú jafnan, að sér liði vel, enda fannst mér hún alltaf verða fríðari og bjartari, og mér var nú jafnmikil ánægja og hressing að dreyma hana og mér hafði verið mikil raun og kvöl áður. Í síðasta sinn dreymdi mig hana 1925, og sagðist hún þá ekki mundu koma til mín næstu fimm ár, enda hefur það staðið heima fram að þessu.

(Ritað í des. 1927 eftir frásögn ungrú Ragnheiðar Stefánsdóttur í Reykjavík. Hún er mjög merk og vönduð stúlka, og mun enginn, sem til hennar þekkir, draga í efa, að hún segi samvirkusamlega frá reynslu sinni. Henni voru allar frásögur um Tyrkjaránið ókunnar, þegar hana dreymdi drauminn. En hver, sem vill, getur borið frásögn draumkonunnar saman við Tyrkjaránssögu Björns á Skarðsá. – S.N.)

AÐ SKJÓTA RÓTUM OG FAÐMA FLUGELDA?



Ævintýraleg ljósadýrð áramótaflugeldanna hefur heillað Íslendinga frá því byrjað var að skjóta þeim upp hér á landi á síðari hluta 19. aldar. Í fyrstu aðeins af þeim efnameiri og í litlu mæli en á 21. öldinni er innflutningur á flugeldum kominn í 600 tonn. Megnið af þeim flugeldum sem fluttir eru inn eru seldir af björgunarsveitum landsins og nemur hagnaðurinn af sölnunni um 60% af tekjum þeirra.

Því fylgir mikil mengun að brenna 600 tonnum af púðri í tveggja tíma útihátið um hver áramót og ekki bara svifryksmengun. Gagnrýnisraddir benda á þá gífurlegu loftmengun og þungmálmana sem setjast í vatn og jarðveg eftir hvern áramótafögnuð en við erum klofin í afstöðu okkar til flugeldanna.

Flugeldasýningin tilheyrir áramótunum. Með henni heilsum við nýju ári og kveðjum það gamla. Þó viljum við ekki skila framtíðinni óafturkræfri þungmálmamengun í jarðvegi og grunnvatni en samt viljum við styrkja hið mikilvæga starf björgunarsveitanna sem við verðum ítrekað vitni að eða höfum notið góðs af á erfiðum stundum. Og við viljum skemmta okkur svolítið við hávaða og ljósadýrð. Þó ekki allir.

Árlega mæta margir velunnarar björgunarsveitanna á sölustaði og styrkja þær með því að kaupa flugelda án þess að vilja skjóta þeim upp. Því ekki að koma til móts við þann hóp með einhverju móti og leggja drög að annars konar og mengunarminni fjáröflun en flugeldasölu, var spurt. Hugmyndin að því að skjóta rötum kviknaði í samstarfi Skógræktarfélags Íslands og Landsbjargar.

Síðustu tvö ár hafa björgunarsveitirnar boðið fólki að kaupa svo kölluð rötarskot er hvert þeirra gefur af sér tré sem gróðursett er í samstarfi við Skógræktarfélagið. Á árinu 2019 seldust fimmtán þúsund rötarskot sem öll voru sett niður á Hafnarsandi í Ölfusi þar sem vaxa á upp Áramótaskógur.

Fyrstu rötarskotin sem Björgunarsveitin Bára seldi voru sett niður á Hafnarsandinum en síðast liðinn vetur var ákveðið að skjóta þeim rötum sem seldust á Djúpavogi niður í heimabyggð. Með því gefst kaupendum rötarskotanna tækifæri til að fylgjast með framgangi trjáanna og framvindu verkefnisins.

Leið plantnanna var ekki greið austur á Djúpavog en það fór nú samt svo að þær voru gróðursettar í utan verðri Löngulág á haustjafndægri, 22. september. Þar munu Skógræktarfélag Djúpavogs og Björgunarsveitin Bára planta úr rötarskotum næstu árin og vænta þess að Áramótalundur prýði svæðið í framtíðinni. Gróðursett verður áfram í jaðri Löngulágar og einkum horft til íslenska birkisins sem er hæfilega lágvaxið til að prýða klettamyndir í stað þess að yfirgnæfa þær. Vissulega veita barrtré frekar skjól og binda meira kolefni en birkið en barrrötarskotum verður fundinn staður við hæfi síðar meir. Félagar í björgunarsveitinni gæla við þá framtíðarsýn að fá að fylgjast með vexti Áramótalundar út um gluggana á nýrri björgunarmiðstöð en hugmyndir eru uppi um að velja henni stað í Löngulág.

Það er von björgunarsveitarinnar og skógræktarfélagsins að svæðið geti orðið skemmtilegt útivistarsvæði enda falleg gönguleið meðfram vatnsveitulæknum.

Vonandi mun heimastjórn í byggðarlaginu huga að lagningu göngustígs þar þegar fram líða stundir. Kaupendur rötarskota geti þá farið og faðmað sín tré nú, eða klappað þeim létt á toppinn svona fyrstu árin.

Björgunarsveitin Bára og Skógræktarfélag Djúpavogs þakka öllum velunnurum veittan stuðning fyrr og síðar.

Anna Sigrún Gunnlaugsdóttir
Ingi Ragnarson
Ásdís H. Benediktsdóttir

Íþróttamiðstöð Djúpavogs *Sími: 470-8730 / Beinn: 847-8124*

Gjaldskrá

Netfang: dagur@djupivogur.is

Gildir frá 1. janúar 2020

Þjónusta:	Eining:	Verð:
Þrek og íþróttasalur		
Stóri salur klst.		5.125
Stóri salur	pr. klst á mann	1.000
12 tíma kort		6.150
24 tíma kort		10.250
Stakur tími í þrek	klst.	1.000
1 mánuður í þrek		8.200
3 mánuðir í þrek		15.375
30 tímar þrek, sund og íþr.salur		15.375
Ljósabekkur og sauna		
Stakur tími í ljós	klst.	1.000
10 tíma ljósakort		7.175
10 tíma mánaðarkort		6.150
Stakur tími í sauna	klst.	1.000
Sundlaug		
Stakur tími í sund 16-66 ára		1.000
Stakur tími í sund 5-15 ára		300
10 tíma kort 16-66 ára		6.150
30 tíma kort 16-66 ára		12.300
10 tíma kort 5-15 ára		1.500
Leiga á sundfatn. og handklæði	stk.	500
Árskort		
Árskort í sund 16-66 ára		35.875
Árskort í sund og þrek 16-66 ára		41.000
Árskort í sund, þrek og sal 16-66 ára		46.125

ÁLFKONUR Á AXARVEGI

Saga þessi er fengin að láni úr ritinu *Síðsumardagar í Berufirði*. Efni frá Þjóðsagnahelgi 2011.

Um (næst) seinustu aldamót fóru tveir menn upp Öxi, eða Axarveg eystra. Þeir voru með lest. Þetta var um sumar, en niðdimm þoka og húðar hrakveður. Auk þess var dagur að kvöldi kominn, svo mennirnir sprettu af hestunum undir Vagnarekku og létu fyrirberast þar um nóttina. Þar reistu þeir tjald og tóku á sig náðir. Annar þeirra sofnaði fljótt, en hinum varð ekki svefnsamt. Ekki líður á löngu áður en honum heyrir gengið fram hjá tjaldinu og þótti honum sem þar væru menn á ferð. Hann veit að þar var engrar manna von og ætlar að vekja féлага sinn, en í því er tjaldskörinni lyft upp og koma inn tvær konur. Þær lögðust í tjaldinu og fara að muldra eitthvað sín á milli, en maðurinn skildi ekki hvað þær sögðu. Honum verður nú ekki um sel og vill fyrir hvern mun vekja féлага sinn, en þorði ekki að bæra á sér svo að hann klípur hann og kreistir undir fötunum, en hann vaknar ekki hvernig sem reynt var. Á meðan voru konurnar alltaf að tala saman, en maðurinn skildi lítið af því sem þær sögðu. Þó gat hann ráðið í það, að önnur vildi gera þeim félögum einhvern óskunda, en hin mælti í móti og eftir nokkurn tíma fóru konurnar út aftur.

Eftir þetta vakti maðurinn féлага sinn og átti þó fullerfitt með það. Ekki varð þeim félögum neitt meint við komu kvennanna.

ÁLFHEIÐARSKÚTI

Úr ritinu *Íslenskar þjóðsögur og sagnir*. Sigfús Sigfússon 1984.

Þess er getið í Tyrkjaránssögu að Algeirsmenn ræntu fólki í Búlandsnesi í Suður-Múlasýslu. Upp frá bænum, í neðsta hjalla, er hellisskúti sem kallaður er Álfheiðarskúti. Er það nafn þannig til orðið að þangað flúði vinnukona frá Búlandsnesi undan ræningjunum. Illfært þykir í skúta þennan, nema brattgengum mönnum, og tæpast sem næst skútanum. Er skútin hömrum varður á allar hliðar enda komst enginn ræningjanna þangað á eftir henni. En allnærri fóru þeir og hrökk þá einn fram af berginu til dauðs. Við það guggnuðu hinir og hurfu frá við svo búið. Eigi segir hér meira af stúlkunni annað en það að hún slapp algerlega undan ræningjunum fyrir bragðið.

Þennan stað í Hálsaskógi þekkja allir Djúpavogsbúar.

**MÚLAÞING
AÐALNÚMER
4 700 700**

DJÚPIVOGUR

Skrifstofa Djúpavogi	470 0764
Djúpavogsskóli	470 8710
Tónskóli Djúpavogs	470 8714
Leikskólinn Bjarkatún	470 8715
Djúpavogsskóli viðvera	470 8725
Íþróttamiðstöð Djúpavogs	470 8730
Djúpavogshöfn	470 8735
Áhaldahús Djúpavogi	470 8744
Tryggvabúð, Djúpavogi	470 8745

...athugið

Fylgist með fleiri viðburðum sem
bætast við og breytast í ljósi
aðstæðna á fésbókarsíðu
Djupivogur.is



SVIPMYNDIR FRÁ SUMRINU 2020

